



Ánægðir íbúar í Hveragerði

97% íbúa ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á

Niðurstöður úr viðhorfskönnun Gallup sem mælir ánægju íbúa í tuttugu stærstu sveitarfélögum landsins var kynnt nýlega. Hveragerðisbær kom mjög vel út úr könnuninni eins og oft áður.

„Við erum afskaplega hamingjusöm með það að ánægja íbúa er mjög mikil hér í Hveragerði. Við sjáum það líka á því hversu margir eru að flytja hingað,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

„Við höfum tekið þátt í þessari könnun undanfarin ár og erum

ánægð með að vera í hópi efstu sveitarfélaga. Núna ber svo við að Hveragerðisbær er orðinn efstur með mesta ánægju íbúa á landinu. Það er auðvitað stórkostlegt hrós til starfsmanna bæjarfélagsins sem greinilega eru að gera góða hluti. Við skorum hæst almennt þ.e. með þjónustu bæjarfélagsins. Síðan skorum við hæst allra hvað varðar gæði umhverfisins. Fólk er greinilega mjög ánæggt með umhverfið hérna. Það er vel skiljanlegt því það er gríðarlega fallegt hérna í

kring, fjölbreyttar gönguleiðir og skógræktarsvæði. Hveragerði er auðvitað landfræðilega svolítið sérstakt sveitarfélag. Það kúrir hérna inn til landsins með allar þessar gönguleiðir og þessi skemmtilegu svæði hérna í kring. Við skorum líka langhæst í þjónustu við eldra fólk. Alveg síðan við fórum að taka þátt í þessari könnun hefur þjónusta við eldra fólk verið efst hér í Hveragerði. Eins þjónusta við barnafjölskyldur og fleira,“ segir Aldís. (Sjá bls. 4).



Kyndilmessustund í Húsinu á Eyrbakka

Byggðasafn Árnesinga heldur upp á kyndilmessu í Húsinu á Eyrbakka laugardaginn 2. febrúar nk. kl. 15. Dagskráin verður nokkuð óhefðbundin. Kristján Guðmundsson sálfræðingur hugleiðir efni skáldsögunnar *Eitraða barnið* eftir Guðmund S. Brynjólfsson. Af hverju fremur manneskja glæp? Er einhver leið að útskýra ofbeldi? Eitraða barnið gerist á Eyrbakka um aldamótin 1900 og ætlar Kristján að veita gestum sálfræðilega inn-sýn í efni bókarinnar fyrir gesti. Að loknu erindi Kristjáns syngur Hafsteinn Þórólfsson söngv-

ari við undirleik Ásgeirs Ásgeirssonar gítarleikara nokkur lög.

Í upphafi dagskrár verður í stuttu máli sagt frá Kyndilmessunni. Kyndilmessa, hreinsunarhátíð Mariu meyjar, er 40 dögum eftir fæðingu Krists sem ber upp á 2. febrúar ár hvert. Þá er mikil ljósadýrð við kaþólska guðsþjónustu og dagurinn því kenndur við kerti eða kyndla og íslenska nafnið kyndilmessa þaðan upprunnið segir í Sögu Daganna eftir Árna Björnsson.

Stundin hefst kl. 15. Boðið verður upp á kaffi að lokinni dagskrá. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Lið FSu í 8-liða úrslitum

Lið Fjölbautaskóla Suðurlands komst í 8-liða úrslit spurningakeppninnar *Gettu betur* eftir góðan sigur á Menntaskólanum á Ísafirði í annarri umferð keppninnar. Lokatölur urðu 25-17 en FSu leiddi 15-11 eftir hraðaspurningar.

Átta-liða úrslit keppninnar hefjast í sjónvarpinu 1. febrúar nk. með viðureign MR og MH. Lið FSu mætir liði Fjölbautaskólans í Garðabæ (FG) föstudaginn 15. febrúar nk. Þjálfarar liðsins eru Stefán Hannesson og Jakob Heimir Burgel, og þeim til aðstoðar eru Hrafnhildur Hallgrímsdóttir og Hannes Stefánsson.



Guðný Von Jóhannesdóttir, Sólmundur Magnús Sigurðarson og Svavar Daðason skipa lið FSu.

Hádegisfyrirlestrar í Fjölheimum

Fjölheimar á Selfossi taka um þessar mundir upp þráðinn með hina vinsælu hádegisfyrirlestra. Næsti fyrirlestur verður fimmtudaginn 31. janúar nk. Í vetur verða það meistaranemar sem nýta sér lesaðstöðuna í Fjölheimum sem kynna áhugaverð rannsóknarverkefni sín. Tinna Björk Helgadóttir ríður á vaðið og kynnir verkefnið *Fristundalæsi: Hvernig má nýta tíma á frístundaheimilum til að efla læsi?* Eins og áður mun Birta starfsendurhæfing hafa til sölu léttan hádegisverð en lysthafendur eru beðnir að skrá sig á netfangið fjolheimar@gmail.com.



Tinna Björk Helgadóttir.

Er gólfhitinn rétt stilltur?

Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



Nýjan bíl, rúðupurrkur eða smurþjónusta?

Við erum til þjónustu reiðubúin fyrir Toyota eigendur.

Toyota Selfossi Fosnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

**Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!**



Aðalfundur

Aðalfundur Stangaveiðifélag Selfoss verður haldinn á Hótel Selfossi föstudaginn 8. feb. kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



Auglýsing um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu



Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir eftir aðilum til að nýta lóð innan Biskupstungnaafréttar. Lóðin sem um ræðir er við Þverbrekknámúla. Á lóðinni er afréttarskáli í einkaeigu, salernishús og vetrarkamar. Aðrir umsækjendur en núverandi eigendur verða því að gera ráð fyrir að þurfa að leysa til sín skálann ef af úthlutun lóðar verður.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Biskupstungnaafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 4/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Bláskógabyggðar til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og áfrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Bláskógabyggð hefur samþykkt deiliskipulag fyrir umrætt svæði.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa á miðhálandinu og starfsemi afréttarskála,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðisins má nálgast hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. og á vefslóðinni <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefur/display.aspx?numer=11597>.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, eigi síðar en miðvikudaginn 20. febrúar nk. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Bláskógabyggðar í síma 480-3000. Tölvupóstfang sveitarstjóra er asta@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð
Aratungu, Reykholti
801 Selfoss

Foreldramorgnarnar í Selfosskirkju

Á miðvikudagsmorgnum kl. 11:00 – 12:30 eru foreldramorgnarnar í Selfosskirkju. Foreldramorgnarnar eru hugsaðir sem opið hús fyrir foreldra ungra barna. Þarna gefst tækifæri til að hittast og spjalla saman í notalegu umhverfi.

Fastir liðir eru fræðsluendindi frá hjúkrunarfræðingum á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og eru þau erindi alltaf vel sótt. Í haust voru fyrirlestrar um „Tengslamyndun og tákni ungbarna“, „Næringu ungbarna“ og nú í janúar fræðsla um „Svefn og svefnvanda ungbarna“.

Á haustönninni höfum við einnig fengið fleiri góðar heimsóknir. Í september kom Gunna Stella heilsumarkþjálfari og fræddi hópinn um frumnæringu, í október kom Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og hélt fyrirlesturinn: „Að láta drauma sína og markmið rætast“. Í nóvember kom Svanhildur Inga Ólafsdóttir, fjölskyldufræðingur hjá Velferð og fræddi hópinn um samskipti. Í desember fengum við heimsókn frá Bókasafninu á Selfossi þar sem kynntar voru nokkrar bækur úr jólabókaflóðinu ásamt kynningu á góðum og gagnlegum fræðsubókum fyrir foreldra ungra barna.



Foreldramorgnarnar í Selfosskirkju.

Síðasta miðvikudaginn í

hverjum mánuði eru rúnnstykki á boðstólum í boði Guðna bakara en það frábæra samstarf hefur verið í gangi síðastliðin þrjú ár. Ekki má gleyma vöfflukaffinu vinsæla og Pálínuboði sem eflaust verða aftur á dagskrá fljótlega.

Foreldramorgnarnar eru tilvalin leið til að kynna nýju fólki með börn á svipuðum aldri og eru því mæður jafnt sem feður hvött til að mæta. Foreldramorgnarnar eru með hóp á Facebook Foreldramorgnarnar í Selfosskirkju sem nýbakaðir foreldra eru hvattir til að skrá sig í.

Eigum saman góða stund á baðstofuoftinu yfir kaffibolla.

Ef þú hefur hugmynd að kynningu eða efni sem á við hópinn sem sækir foreldramorgna, þá máttu gjarnan hafa samband í gegnum netfangið aesko@selfosskirkja.is

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
æskulýðsfulltrúi Selfosskirkju.



STÚDÍÓ SPORT

SKREFINU LENGRA

Útsala í fullum gangi!

40-60%

af völdum vörum

Nýjar vörur streyma inn frá:



Austurvegi 11, Selfossi

Virka daga 10-18

Laugardaga 10-16



Nýjar vörur
og 60% afsláttur
af útsöluvörum.

Motivo

Hönnun, tíska og gjöfvara
Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is

Spjallhópur foreldra barna og ungmenna með einhverfu eða skyldar raskanir

Stofnaður hefur verið spjallhópur foreldra barna og ungmenna með einhverfu eða skyldar raskanir. Hópurinn stefnir að því að halda fundi í kaffistofu VISS að Gagnheiði 39 á Selfossi að jafnaði einu sinni í mánuði. Næsti fundur verður haldinn þriðjudagskvöldið 5. febrúar kl. 19:30 og eru allir velkomnir sem láta sig málið varða. Einnig má benda á Facebook-hópinn Foreldrar barna í Árborg með einhverfu eða skyldar raskanir. Umsjón með hópnum hafa Elísabet Þór Jóhannesdóttir og Sólveig Dögg Larsen.

Einfaldaralíf.is

MINNA DRASL!



Þegar ég var ófrísk af fjórða barninu (árið 2015) fékk ég nóg af magni hluta á heimilinu okkar. Ég hringsnerist í kringum sjálfa mig. Við eigum heima í stóru húsi á tveimur hæðum og einhverra hluta vegna var þetta hús yfirfullt af dóti, leikföngum, húsgögnum, þvotti, þvotti og þvotti og öllu því sem „á“ að fylgja stórríkjum. Mér fannst ég ekki gera neitt annað við tímann minn en vinna og laga til. Árum saman var ég búin að leita að hinni fullkomnu leið til að skipuleggja. Skipuleggja fataskápana, skipuleggja þvottahúsið, skipuleggja eldhússkápana, skipuleggja fataskápana og svo má lengi telja. Ég var búin að eiga margar gerðir af kommódum og geymsluhúslum en mér fannst þetta ekkert breytast. Árið 2015 fékk ég nóg. Það hlaut að vera einhver önnur leið. Ég gerði það sem nútímaskynslóð gerir gjarnan og ég fór á netið að leita leiða til að Einfalda lífið. Mér til mikillar ánægju fann ég ýmsar lausnir. Sú fyrsta sem ég rakst á var Marie Kondo sem er einmitt mjög þekkt hér á landi í dag fyrir Netflix þætti sína. Ég hlustaði á bókina hennar og byrjaði að fara eftir ýmsu sem hún kenndi. Ég áttaði mig þó fljótlega á því að hennar aðferðir voru ekki lausnin við vandamáli mínu því ég þurfti ekki nýja leið til að skipuleggja. Ég hélt því áfram að nýta mér tæknina og fann frábærar leiðir til þess að einfalda lífið. Ég las bækur og hlustaði á hlaðvörp eftir einstaklinga sem höfðu verið á sömu vegferð og ég. Einstaklinga sem upplifðu að heimilið væri yfirþyrmandi og ekki sá gríðarstaður sem það ætti að vera. Þessir einstaklingar eiga það allir sameiginlegt að hafa fengið nóg af magni hluta og kaupæðis og það var einmitt það sem ég var að leita að. Ég fór markvisst í gegnum heimilið okkar og minnkaði magn hluta, seldi, gaf á Nytjamarkaðinn o.s.frv. Ég fór að gera mér grein fyrir því að það var mun einfaldara að sinna því sem þurfti að sinna á stóru heimili ef það var minna af húsgögnum, minna af skrautumunum, minna af eldhúsdóti, minna af fatnaði og svo má lengi telja. Þessi vegferð okkar er ekki búin en við erum komin langa leið. Í dag starfa ég sem heilsumarkþjálfari og fyrirlesari og ég finn að svo margir upplifa heimilið sitt sem streituvald. Ég mæli því alltaf með því að markþegar mínir taki einföldu skref í átt að einfaldara lífi. Nú nýlega bjó ég til skjal TÍU TÍU (tíu skref í átt að einfaldara lífi) sem er útprentanlegt á PDF-formi. Þú getur nálgast þetta skjal ókeypis á heimasíðunni minni einfaldaralíf.is. Ég hvet þig til þess taka þessi einföldu skref í átt að einfaldara lífi. Einfaldara líf er á allan hátt mun betra líf. Svarið við hraðanum og óreiðunni er ekki að endurskipuleggja dagatalið eða endurraða í skápana. Svarið er að láta það sem mestu máli skiptir í lífinu hafa forgang en fjarlægja úr lífi okkar það sem vinnur gegn því. Gangi þér vel að EINFALDA!

Kærleikskeðja,
Gunnastella,
IIN heilsumarkþjálfari.

www.einfaldaralif.is
Instagram: gunnastella
Facebook: Einfaldara líf - Heilsumarkþjálfun

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku



*Samkvæmt skoðanakönnun Gallups á tímabilinu okt. - des. 2018.



Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

BETRI DEKK BESTA VÖRNIN

Sími 482 2722 • Austurvegi 52, Selfossi • solning.is



Meira til skiptanna

Við erum hamingjusöm að vera í hópi efstu sveitarfélaga

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hveragerði var tekin tali síðastliðinn laugardag og spurð hvað væri helst að gerast hjá Hveragerðisbæ um þessar mundir.

„Vinnan á bæjarskrifstofunum í Hveragerði snýst að mestu um þá miklu uppbyggingu sem er í bæjarfélaginu um þessar mundir. Það eru yfir 150 íbúðir í smíðum núna, ýmist komnar af stað eða eru að fara af stað. Þetta er mesta uppbygging sem við höfum séð í Hveragerði, sennilega allt frá Vestmannaeyjasinu þegar hér byggðust upp stór og mikil hverfi. Þetta eru fjölbreyttar íbúðir, alls konar stærðir, þannig að hverfin verða ekki einsleit. Núna í vor munum við leggja lokahönd á gatnagerðina í Kambalandinu. Þar verður í sumar úthlutað á sjötta tug íbúða, einbýlishús, raðhús og fjölbýlishús.“

Íbúar í Hveragerði ánægðir með bæjarfélagið sitt

„Við vorum að fá niðurstöður úr viðhorfsskönnun Gallup sem mælir ánægju íbúa í tuttugu stærstu sveitarfélögum landsins. Við höfum tekið þátt í þessari könnun undanfarin ár og erum hamingjusöm með að vera í hópi efstu sveitarfélaga. Núna ber svo við að Hveragerðisbær er orðinn efstur með mesta ánægju íbúa á landinu. Það er auðvitað stórkostlegt hrós til starfsmanna bæjarfélagsins sem greinilega eru að gera góða hluti. Við skorum hæst almennt þ.e. með þjónustu bæjarfélagsins. Síðan skorum við hæst allra hvað varðar gæði umhverfisins. Fólk er greinilega mjög ánægt með umhverfið hérna. Það er vel skiljanlegt því það er gríðarlega fallegt hérna í kring, fjölbreyttar gönguleiðir og skógræktarsvæði. Hveragerði er auðvitað landfræðilega svolítið sérstakt



Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri Hveragerði.

sveitarfélag. Það kúrir hérna inn til landsins með allar þessar gönguleiðir og þessi skemmtilegu svæði hérna í kring. Við skorum líka langhæst í þjónustu við eldra fólk. Alveg síðan við fórum að taka þátt í þessari könnun hefur þjónusta við eldra fólk verið efst hér í Hveragerði. Eins þjónusta við barnafjölskyldur og fleira.“

Fasteignagjöld lækkuð

„Þegar bæjarfélag nýtur jafn mikilla vinsælda og Hveragerði gerir, og húseignir seljast mjög vel, þá hækkar verð húsnæðis. Fasteignaverð hefur því hækkað mjög mikið hér í Hveragerði þó það sé ennþá þó nokkuð lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Þar af leiðandi hefur fasteignamatid hækkað. Meðalhækkun fasteignamats í Hveragerði á milli ára núna síðast var 18,25%. Bæjarstjórn ákvað að velta þessari hækkun ekki beint út í fasteignagjöldin. Við brugðumst við með þó nokkurri lækkuð fasteignagjaldaprósentsunnar. Við stilltum það þannig af að hús væru að meðaltali ekki að hækka meira en 6–8%. Þannig að álagningarprósentsurnar voru lækkaðar umtalsvert í öllum flokkum.

Það á við um íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, lóðaleigu, fráveitugjöld og vatnsgjöld.“

Aukinn kostnaður við urðun sorps

„Við neyddumst til að hækka sorpurðunargjaldið langt umfram það sem við hefðum kosið. Það er af því að kostnaður við þann málaflokk er að vaxa gríðarlega og við sjáum ekkert fyrir endann á þeim hækkunum. Ef þróunin verður sú sem við sjáum mögulega núna, í kjölfar þess að við Sunnlendingar finnum ekki urðunarstað, og verðum að fara að sigla með sorp til brennslu í útlöndum, mun kostnaðurinn halda áfram að aukast. Þá munum við sjá fram á að sorpurðunargjöld Sunnlendinga í heild sinni muni hækka jafnvel um nokkur hundruð prósent. Hvergerðingar hafa verið með mjög ítarlega flokkun sorps í mörg ár. Við höfum verið með þriggja tunnu flokkun síðan 2010. Þannig að við erum búin að flokka lífrænt frá allan þann tíma. Það hefur skilað því að sorp til urðunar er hlutfallslega langlægst per íbúa á Suðurlandi hér í Hveragerði. Það eru auðvitað söknarfæri í þessu. Við Hvergerðingar getum gert enn betur. Við höfum verið með mjög mikla fræðslu og hvatningu til bæjarbúa um að flokka betur. Sunnlendingar geta líka gert miklu betur. Það er auðvitað það sem við þurfum að gera núna. Ef við þurfum að fara að senda það sem er í gráu tunnunnunni og fer til urðunar í brennslu út þá náttúrulega snýst þetta um að minnka það eins og hægt er. Að öðrum kosti sjáum við fram á kostnað sem ég er ekki viss um að Sunnlendingar geri sér nokkra grein fyrir. Það geta allir gert miklu betur. Í grunninn er það þannig að í gráu tunnuna á næstum því ekkert að fara. Það á að vera hægt að gera þetta vel. Auðvitað er þetta mikil vinna fyrir fólk en málið er að við stöndum frammi fyrir fullkomlega breyttum tíma, bæði sem manneskjur og þjóð og sem íbúar á þessari jarðarkringlu. Það þurfa því allir að bregðast við. Sú hegðun eða þær neysluvenjur sem við höfum tamið okkur eru nú mögulega ekki valkostur þegar til framtíðar er litið. Við verðum bara öll að fara að hegða okkur öðruvísi,“ sagði Aldís að lokum. –ög



Matgæðingur vikunnar er Ársæll Jónsson.

Takk fyrir áskorunina Tobbi minn. Þú veist að ég skorast ekki undan svona löguðu. Mig langar að gefa ykkur uppskrift af góðri kjúklingasúpu og brauði, sem við fjölskyldan eldum gjarnan þegar von er á góðum gestum.

Kjúklingasúpa

4-5 kjúklingabringur
1 rauð paprika
1 græn paprika
2 gulrætur
1/2 blaðlaukur
4-5 hvítlauksgeirar
1 laukur
1 rautt chilli
2 msk. olía
1 dós saxaðir tómatar
1,5 -2 teningar kjúklingakraftur
2-3 tsk. karrý
2,5 ltr. vatn
1 peli rjómi
1/2- 3/4 krukka af Heinz chilli tómatsósu
150 gr. rjómaostur

Skerið grænmetið smátt niður, hitið olíu og steikið allt grænmetið í smá stund, rétt til að fá gljáa. Setjið svo grænmetið í pott og bætið við vatni, chilli tómatsósu, karrý, kjúklingakrafti, söxuðum tómötum og látið þetta malla meðan þið steikið kjúklinginn. Þegar kjúllinn er steiktur þá er honum bætt við í súpu og látið malla í 10-15 mín. Að lokum er rjóma og rjómaosti bætt við og látið malla í að minnsta að



Ársæll Jónsson.

kosti 30 mín. til viðbótar og jafnvel lengur, því lengur því betra. Með súpunni er svo gott að bera fram sýrðan rjóma, rifinn ost og Nachos-snakk. Svo er ómissandi að hafa brauðið góða með, einstaklega auðvelt og allir geta töfrað það fram.

Fetabrauð

1/2 ltr. volgt vatn
1 pakki þurrger
600 gr. hveiti
1-2 tsk. salt
1 msk. sykurl

Öllu blandað saman í skál og hrært örliðið, alls ekki of mikið. Plastfilma sett yfir og látið hefast í 8 klst. í ísskáp. Deigið er svo látið á bökunarpappír og jafnað út (á að vera blautt og klístrað). Yfir það er svo sett heil krukka af fetaosti (sigtið olíu vel frá) og vel af flögu-salti. Bakið svo við 180 gráður í 40 mín.

Mig langar að skora á Óskar Loga Sigurðsson lífskúntner frá Þorlákshöfn. Hann er ekki vanur að klikka þegar kemur að matseld og bakstri. Takk kærlega fyrir mig og verði ykkur að góðu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Pappírslaus samskipti í Rangárþingi eystra

Rangárþing eystra hefur tekið stórt skref í pappírslausum viðskiptum með því að opna nýjan vef, Bæjardyr, á heimasíðu sveitarfélagsins. Í samtali við Árnýju Láru Karvelsdóttur, markaðsfulltrúa hjá Rangárþingi eystra, kemur fram að: „Bæjardyr eru rafrænn aðgangur sem veitir íbúum sveitarfélagsins og öðrum viðskiptavinum aðgang að ýmsum viðskiptaupplýsingum milli sveitarfélagsins og íbúa. Sem dæmi má finna reikninga, fasteignagjöld ásamt leikskóla- og mótuneytisgjöldum grunn- og leikskólanna, svo dæmi sé nefnt. Í kjölfarið af opnun vefjarins munum við

hætta að senda út greiðsluseðla nema sérstaklega sé eftir því óskað. Þeir sem vilja það geta haft samband við sveitarfélagið í tölvupósti eða í síma.“ Með þessu vonast sveitarfélagið að auka hagkvæmni í rekstri og þjónustu við íbúa ásamt minni pappírnotkun.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.
Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveg 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónsson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Í ræktinni það algengt er,
enn er lögd í sjóinn hér,
henni standa húsin á,
hlutinn þann á vog ég sá.

Svar við gátu í blaði 2483: **TOPPUR.**



Sjóvá er efst tryggingaféлага í Íslensku ánægjuvoginni.

Við gleðjumst yfir því að viðskiptavinir okkar séu ánægðari.

Útibú Selfossi 440 2470
Umboðsmaður Þorlákshöfn



SJÓVÁ



Auglýsingasími 482 1944



Kraftberg auglýsir eftir verkefnum fyrir smíði, múrara, málara og hellulagnar menn.

Sími 892 6993
kraftberg@simnet.is



Laufey Guðmundsdóttir
Egilsstaðakoti



Við þökkum af alhug öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og kærleiksrika vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu. Guð blessi ykkur öll.

Helga E. Hermundardóttir Halldór Sigurpórss.
Sigurbjörg Hermundsdóttir Árni Guðmundsson
Guðsteinn F. Hermundsson Kristín Tómasdóttir
Einar Hermundsson Elín Bj. Sveinsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Jónsdóttir
Skeiðháholti



lést þann 14. janúar sl. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 14:00.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dvalarheimilinu Lundi á Hellu fyrir umönnun og hlýju.

Jóhanna Sigríður Ólafsdóttir
Margrét Jóna Ólafsdóttir Gestur Þórðarson
Áslaug Birna Ólafsdóttir
Auður Harpa Ólafsdóttir Ingi H. Jónsson
Jón Bragi Ólafsson Kristín Gunnarsd.
Gunnar Þór Ólafsson Álfheiður Ingimarsd.
barnabörn og barnabarnabörn

Vinnustofan Kjallarinn í Hrunamannahreppi - Allt sem við framleiðum er úr endurunnu efni

Bláðamaður Dagskrárin-
Bar kynnti sér vinnustofuna Kjallarinn sem starfrækt er í Hrunamannahreppi. Fyrir svörum sat Else Nielsen, þroskaþjálfari og verkefnastjóri á Vinnustofunni Kjallaranum á Flúðum.

Hvernig byrjaði vinnustofan Kjallarinn? „Vinnustofan Kjallarinn hóf starfsemi sína haustið 2017. Ung kona sem búsett er í Hrunamannahreppi þurfti aukna þjónustu í heimabyggð og ákváðu foreldrar og ég sem er þroskaþjálfinn hennar, í samvinnu við sveitarfélagið, að búa til vinnuáðstöðu fyrir hana í kjallaranum í Heimalandi á Flúðum. Þar eru eldri borgarar sveitarinnar með aðstöðu og hittast einu sinni í viku yfir veturinn. Í Heimalandi fengum við að nota gamla lækniherbergið, svokallaða, sem ekki var lengur í notkun. Fyrstu verkefni okkar fólust í að líma á grænmetisumbúðir fyrir garðyrkjubændur og tæta niður pappír. Ungu konan keypti sjálf pappírstætarann en fékk til þess styrk frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps og Sv. Hrunamannahreppi. Hægt og rólega bættust fleiri verkefni við starfsemina eins og að rífa niður gömul sængurver og handklæði í tuskur sem voru svo seldar sem bílskúrstuskur hjá VISS á Selfossi. Okkur voru svo gefin falleg efni sem hægt var að



Hluti af þeim varningi sem framleiddur er á vinnustofunni.

sauma taupoka úr og upp kom sú hugmynd að kaupa saumavél. Kvenfélag Hrunamannahrepps brást hratt við og gaf okkur overlock saumavél. Með þessari vél komu ný tækifæri og fór um við að sauma eldhústuskur, fjósatuskur, leikskólatuskur, bossaklúta og andlitssklúta úr handklæðum sem við fáum gefins.

Hvað eru margir sem vinna í Kjallaranum? „Í dag eru fjórir starfsmenn sem sækja vinnu í Kjallarann og tveir leiðbeinendur. Aðstaðan hefur stækkað út fyrir lækniherbergið. Kjallarinn er ekki bara fyrir Hrunamenn, einn starfsmaðurinn okkar er úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sumir vinna frá 9.00 til 14.30 en aðrir eru með styttri vinnudag.“

Hver eru helstu verkefni í dag? „Helstu verkefni í dag eru að endurvinna handklæði og önnur efni sem okkur eru gefin, saga út trévorur, tæta bókhalda og annan pappír og líma á grænmetisumbúðir. Í samvinnu við sveitarfélagið var keyptur flottur ruslagn og ef veðrið er gott förum við líka út að tína rusl. Við ætlum líka að prófa að búa til kerti og erum farin að safna kertaafgöngum. Það er eiginlega hægt að segja að allt sem við erum að framleiða sé úr endurunnu efni.“

Hvernig hefur verkefninu verið tekið? „Fólk er rosalega

duglegt að muna eftir okkur. Ef okkur vantar eins og t.d. málningu eða tvinna auglýsum við eftir því á Facebook og fáum alltaf góð viðbrögð. Við erum rosalega þakklát fyrir það og starf Kjallarans væri ekki svona öflugt án allra okkar velunnara.“

Hvaða þýðingu hefur svona starfsemi fyrir notendur? „Vinna og þátttaka í atvinnulífi er okkur öllum mikilvægur þáttur fyrir sjálfsmynd okkar, einnig hjá fólki sem af einhverjum ástæðum hefur minni starfsgetu en aðrir. Að eiga kost á vinnu eru mannréttindi. Í Kjallaranum fá allir tækifæri til að finna eitthvað við sitt hæfi og er verkefnum skipt niður eftir getu og áhuga. Það er nefnilega þannig að enginn getur allt en allir geta eitthvað og þannig vinnum við saman. Það er líka mjög mikilvægt fyrir notendur að geta sótt vinnu í sinni heimabyggð. Í dag er vinnustofan okkar orðin útibú frá VISS vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi og er það stór ávinningur bæði fyrir vinnustofuna og starfsfólkið sem þar vinnur. Við störfum eftir sömu stefnu og VISS, eftir lögum um málefni fatlaðra nr. 152/2010 og reglugerð um atvinnumál fatlaðs fólks og atvinnustefnu VISS.“ Þeir, sem langar að kynna sér starfsemina betur, geta fundið hana á Facebook undir nafninu Vinnustofan Kjallarinn. -gpp



Ruslagninn er nýttur í góðu veðri

Hveragerðisbær styrkir Leiðina út á þjóðveg

Bæjarráð Hveragerðis samþykkti á fundi sínum 17. janúar sl. að styrkja félagið Leiðin út á þjóðveg um 200.000 krónur. Styrkurinn gerir félaginu kleift að bæta og efla starfsemi sína og þjónustu.

Félagið var stofnað haustið 2016 af áhugafólki um bætt geðheilbrigði í Hveragerði. Tilgangur félagsins er að opna umræðu um kvíða, þunglyndi og aðra geðsjúkdóma. Félagið hefur haldið ráðstefnur og fræðslufundi fyrir fólk sem á við andleg veikindi að stríða og aðstandendur þeirra. Nú í janúar stóð félagið fyrir fyrirlestri og umræðu með kennurum og starfsfólki Grunnskólans í



Hveragerði. Í febrúar verður námskeið í meðvirkni og með vorinu verður námskeið frá Bataskólanum og námskeið tengt Hugarafli.

Málþing er svo fyrirhugað með haustinu. Félagið er með opið hús á fimmtudögum kl. 20 í húsi Rauða krossins í Austurmörk 7, Hveragerði á 2. hæð.

Viltu vera ON í sumar?

Við leitum að jákvæðum og framtakssömum háskólanemum, iðnnemum, nemum í framhaldsskóla og skapandi greinum í fjölbreytt sumarstörf á orkumiklum og skemmtilegum vinnustað.

Nánari upplýsingar um störfín má finna á vef ON, on.is/sumarstorf, þar sem einnig er tekið á móti umsóknum.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2019.
Við hvetjum jafnt stelpur sem stráka til að sækja um.

Hvers vegna ON?

Við framleiðum og seljum rafmagn til allra landsmanna, auk þess að framleiða heitt vatn fyrir höfuðborgarsvæðið. Við erum leiðandi í umhverfissvænum orkuskiptum á Íslandi og nýsköpun í nýtingu auðlindastrauma. Við höfum sett okkur metnaðarfull loftslagsmarkmið og viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni til að bæta lífsgæði í nútíð og framtíð, okkur öllum til heilla.

Hjá okkur ríkir jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri líðsheid, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum. Við bjóðum upp á fyrsta flokks aðbúnað og fjölskylduvænan vinnutíma. Það eru krefjandi og skemmtileg verkefni í leiðslunum hjá ON.



JAFNLAUNAVOTTUN
2018-2021



UMHVERFISVÆÐUN ATVINNULÍFSINS
FRAMTÍÐIN 2016



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
2017



NÝR RAV4 ALHLIÐA SPORTJEPPI. ALHLIÐA HYBRID.



RAV4: 5.090.000 kr.
RAV4 Hybrid: 5.950.000 kr.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Frá því að RAV4 sló fyrst í gegn hefur nánast allt breyst. Fimmta kynslóð þessa alhliða sportjappa er stökkbreytt í útliti; glæsilegri með skarpri línur, völdugri á vegi og enn meiri breidd í getu, styrk, þægindum og afköstum. Nýr RAV4 er alhliða Hybrid, hljóðlátur í akstri með aukið svigrúm fyrir fólk og farangur. Ný kynslóð með enn meira öryggi og ríkulegum staðalbúnaði. Allt er breytt – nema vinsældirnar. Komdu, sjáðu og finndu muninn á nýjum RAV4 með sjö ára ábyrgð hjá næsta viðurkennda söluaðila.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Opið hús í leikskólanum Krakkaborg

Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur um allt land þann 6. febrúar nk. Af því til efni langar börn og starfsfólk á Krakkaborg í Flóahreppi að bjóða áhugasömum einstaklingum að koma í heimsókn á opið

hús. Opna húsið verður þann 6. febrúar frá kl. 15 -16. Hægt er að taka þátt í eða fylgjast með leikjum og ýmsum útverkum á Enginu svokallaða, fá hressingu við eldstæðið og skoða fallega leikskólann okkar.



Sveitarfélagið ÁRBORG

Styrkur til félagasamtaka vegna greiðslu fasteignaskatts

Frestur til að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem nýttar eru fyrir starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, s.s. menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum, rennur út 1. mars nk.

Skilyrði er að viðkomandi fasteign sé skráð eign almenns félags eða að það sé handhafi þinglýsts húsaleigusamnings til a.m.k. eins árs og að fram komi í samningnum að félagið skuli greiða fasteignagjöld af hinu leigða húsnæði. Reglur um styrkveitingar og eyðublöð má nálgast í Ráðhúsi Árborgar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, <http://www.arborg.is>.

Sveitarfélagið Árborg

Ingibjörg Garðarsdóttir

fjármálastjóri



Sveitarfélagið ÁRBORG

Álagning fasteignagjalda 2019

Álagningu fasteignagjalda í Sveitarfélaginu Árborg fyrir árið 2019 er nú lokið.

Hvorki verða sendir út álagningarseðlar né greiðsluseðlar fyrir fasteignagjöldum ársins 2019.

Álagningarseðlar eru birtir rafrænt á vefsíðunni island.is undir „Mínar síður“. Innskráning er með veflykli ríkisskattstjóra eða rafrænum skilríkjum. Sem fyrr birtast kröfur vegna fasteignagjalda í netbanka greiðanda.

Peir sem þessa óska geta fengið heimsenda álagningar- og greiðsluseðla og er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-1900 eða á netfangið fasteignagjald@arborg.is

Allar nánari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda og innheimtu eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Árborg

Ingibjörg Garðarsdóttir

fjármálastjóri

Gaman í gardenum



Á YFIRBORÐINU

Þekking á þeim ferlum náttúru og umhverfis sem í gangi eru í venjulegum heimilisgarði, er alltaf til bóta. Aukinn skilningur leiðir til meiri útsjónarsemi við verklegar framkvæmdir og umhirðu.

Hjá sumum fer mikill tími í að kantskera og illgresishreinsa trjábeð á lóðarmörkum. Að afloknum kantskurðinum getur mikil vinna verið eftir, ef gras hefur náð að vaxa inn í beðið. Sumir sjá fyrir því með því að bæta mold í beðið. Ég hef ekki tekið eftir að það hafi jákvæð áhrif.

Til að byrja með er annar litur á beðinu og allt lítur betur út. Runnategundir þola mis vel að bætt sé jarðvegi ofan á beðið, en með þeirri aðgerð aukast líkurnar á spírun og sprettu þeirra grasróta sem lenda undir nýju moldinni. Ég er á því að margir veldu sér annað verklag, ef þeir þekktu frekar áhrifaþættina og aðrar markvissari aðferðir.

Runnabeð ættu aldrei að

vera mjórri en 100 sm. Mjórri beð fyllast fljótt af grasi. Grastegundir á næstliggjandi grasflötum hafa gjarnan skriðular jarðrenglur. Þær vaxa inn í beðin. Grastegundin skiptir því máli. Ekki er víst að sama grastegund sé ríkjandi í grasflötinni og var í þökunum þegar þær voru lagðar. Sáðskiptin ráðast nokkuð af bæði umhirðu og aðstæðum fyrstu árin eftir sáningu eða þökulagningu. Kantskurður beðanna þarf að ná niður fyrir neðstu rætur grassins í flötinni. Fullnægjandi dýpt er mis mikil eftir grastegundinni í flötinni. Sumir skera kantana einu sinni á ári, en mitt mat er að það þurfi að gera oftar.

Sandur er bergefni og gjarnan notaður sem yfirborðsefni í trjábeð. Miklar þurrk- og hitasveiflur geta orðið í bergefnum, sem veldur því að spírun fræja þorna frekar en í rakaheldnari jarðvegi og drepast. Það er algengara í grófum sandi en fínun. Sandur er því oft notaður sem um 10-15 sm þykkt yfirborðsefni í beð. Sandur sem unninn hefur ver-

ið í mulningsvélum þar sem steinar eru brotnir eða muldir niður í salla er oft kallaður hellusandur, inniheldur grjótsalla og/eða flísar sem geta sært börk trjágróðurs niður við jörð að vetrinum vegna áhrifa frosts og þíðu.

Góður jarðvegsdúkur hleypir lofti og vatni í gegnum sig en ekki rótum. Ef brot kemst á dúkinn við meðhöndlun, losnar um trefjarnar á þeim litla blett (5x5 mm), en rætumar finna hann strax. Jarðvegsdúkur hefur hvorki áhrif á spírun fræja í yfirborðsefninu né vöxt plantna sem þar vaxa. Hann tefur aðeins vöxt róta sem fyrir eru neðar en hann sjálfur. Dúkunum er aðeins ætlað að tefja vöxt þeirra plantna á meðan þær eru að drepast úr ljósleysi. Yfirborðsefnið ofan á jarðvegsdúk, þarf því að vera nógu þykkt til að geta komið í veg fyrir að spírun og rætur undir dúkunum nái í ljós.

Nánari upplýsingar: 892-7709 og benni@sjalfbaer.com.

† Minningarorð um Hörð S. Óskarsson

Mig langar með nokkrum orðum að minnast Harðar S. Óskarssonar sundkennara og heiðursfélaga Ungmennafélags Selfoss. Hann lést 17. janúar sl. áttatíu og sex ára að aldri.

Árið 1960 var Hörður ráðinn sem forstöðumaður Sundhallar Selfoss, sem þá var nýtt mannvirki. Með tilkomu Harðar urðu algjör þáttaskil í sögu íþróttanna á Selfossi. Í fyrsta lagi fóru menn að stunda sund reglulega og í öðru lagi fór Hörður að þjálfa börn og unglinga í sundíþróttinni. Eins og þekkt er náði Hörður að byggja upp eitt sterkasta sundlið landsins og í þeim hópi voru margir landsliðsmenn sem kepptu fyrir Íslands hönd.

Áhrif Harðar voru mikil, hann beitti sér strax ásamt öðrum fyrir því að endurvekja Ungmennafélagið sem hafði ekki starfað í nokkur ár. Stofnuð var sunddeild innan félagsins og aðrar íþróttagreinar endurvaktar. Hörður tók strax virkan þátt í starfi ungmennafélagsins, bæði sem formaður til marga ára og leiðtogi á ýmsum sviðum. Ég tel að Hörður hafi átt stóran þátt í þeim breytingum og því skipulagi sem ungmennafélagið starfaði eftir og er enn við lýði.

Með breytingunum náði hann að virkja fleiri til starfa og byggja upp sterkari forystusveit fyrir félagið. Hann hafði einstakt lag á að fá fólk með sér enda bjó hann yfir mikilli félagsmálaþekkingu og reynslu. Hann stóð fyrir námskeiðum af ýmsum toga sem hjálpaði fólki að takast á við félagsstörfin. Ég og margir aðrir eigum honum mikið að þakka, því hann kveikti áhuga og leiðbeindi okkur til þátttöku í félagslegu starfi.

Hörður kom að þjálfun ýmissa íþróttagreina og stóð fyrir námskeiðum bæði í þjálfun og dómgæslu. Þannig hvatti hann aðra til þátttöku. Minnistæðar eru keppnisferðirnar sem Hörður skipulagði með sundfólki og knattspyrnudrengjum félagsins um landið. Hörður, sem formaður Umf. Selfoss, lét sig varða aðstöðuleysi unglinga á þessum árum og beitti sér fyrir opnun félagsmiðstöðvar í Sundhallarkjallaranum. Naut hann þar góðrar aðstoðar Sigurðar Ingimundarsonar sem var úrræðagóður smiður og ritari félagsins á þeim tíma. Á árum Harðar var markvisst barist fyrir bættri aðstöðu íþróttafólks. Man ég að eitt sinn var framundan borgarafundur þar sem Hörður

skipulagði fyrirspurnir til bæjaryfirvalda um átak í uppbyggingu í þróttamannvirki. Það vakti athygli hve



Hörður S. Óskarsson skipuleg framganga ungmennafélagsins var og hvað margir lögðu fram spurningar á fundinum.

Á fimmtíu ára afmæli Ungmennafélags Selfoss 1. júní 1986 var Hörður gerður að heiðursfélaga. Ég er þakklátur fyrir að hafa verið þá í hlutverki formanns Umf. Selfoss og útnefnt hann sem heiðursfélaga. Mig langar með þessum orðum að þakka Herði fyrir allt sem hann gerði fyrir íþróttahreyfinguna á Selfossi. Einnig fyrir okkur einstaklingana sem hann þjálfaði og hvatti til þátttöku í félagslegu starfi. Hann var virkur á fleiri sviðum í samfélaginu eins og Leikfélagi Selfoss, Hjónaklúbbi Selfoss, blaðautgáfu, Rotaryklúbbi Selfoss o.fl. Er hér færðar þakkir fyrir allt sem hann lagði samfélaginu til í tæpan aldarfjórðung.

Björn Ingi Gíslason.

HUGLÆG RÝMI – Listasafninu Hveragerði: Sunnudagsspjall með höfund

Innsetningin *Huglæg rými* eftir myndlistarmanninn Ólaf Svein Gíslason var opnuð um miðjan janúar í Listasafni Árnesinga að viðstöddu fjölmenni.

Sunnudaginn 3. febrúar nk. kl. 15:00 mun Ólafur ganga um sýninguna og segja frá og er gestum einnig boðið að ræða við Ólaf um gerð og innihald innsetningarinnar sem samanstendur af kvikmynd á sex stöðum sýningarrýmisins, vatnslitaverkum, litlum misstörum skúlptúrum og milliveggjum sem á áhugaverðan hátt mynda eitt verk sem Ólafur sviðsetur í þrjá meginþæli safnsins sem og í anddyrið.

Sýningin hverfist öll um nágranna Ólafs í Flóanum, Sigurð Guðmundsson á Sviðugörðum og er spottin af samræðum þeirra tveggja. Handrit kvikmyndarinnar byggist á samtölum milli Ólafs og Sigurðar, en Ólafur lætur fimm einstaklinga segja frá sem Sigurður og eru auk Sigurðar sjálfs, einn lærður leikari, Þór Tulinius, og þrír sveitungar, ungur piltur, ungur maður og kona, sem eru Ágúst Þorsteinsson, Guðjón Helgi Ólafsson og Kristín Ólafsdóttir. Sýningin hefur fengið afar jákvæð viðbrögð gesta fyrir vandada listræna framsetningu og hún vekur einnig áhugaverðar vangaveltur inn í umræður sam-



Ólafur Sveinn Gíslason.

tímans svo sem um sjálfbærni.

Ólafur Sveinn Gíslason lauk myndlistarnámi á Íslandi 1983 og hélt þá til Býskalands í framhaldsnám. Þar bjó hann síðan og starfaði við myndlist í um 25 ár en fljótlega eftir að hann tók við stöðu prófessors í myndlistardeild Listaháskóla Íslands flutti hann aftur heim og frá árinu 2015 hefur hann verið með vinnustofu á Þúfugörðum í Flóa.

Sýningin, sem er styrkt af Myndlistarsjóði, Myndstefi og Uppbyggingasjóði Suðurlands, mun standa til og með 31. mars. Safnið er opið fimmtudaga – sunnudaga kl. 12–18. Aðgangur að safninu er ókeypis og allir velkomnir – líka á spjallið.



Innsetningin Huglæg rými í Listasafni Árnesinga Hveragerði.

Verktakaréttur

Eðlismunur er á því hvort Verktaki gerir samning við og veitir þjónustu til fyrirtækja, sveitarfélaga, ríkis og annarra lögaðila eða hvort hann gerir samning við og veitir þjónustu til einstaklinga.

Engin eiginleg lög gilda um verksamninga milli verktaka og lögaðila og byggir því réttur þeirra að mestu á þeim efnisatriðum sem kveðið er á um í verksamningi. Margir byggja á eða hafa til viðmiðunar almenna útboðs- og samnings-skilmála um verkframkvæmdir, sem í daglegu tali er vísað til sem ÍST 30.

Ólíkt samningum milli verktaka og lögaðila þá gilda þjónustukaupalög nr. 42/2000, um þjónustu sem verktaki innir af hendi fyrir einstaklinga, þ.e. neytendur. Lögin taka til hvers kyns þjónustu, sem veitt er í tengslum við fasteignir, svo sem vegna pípulagna, raflagna, málningarvinnu, þakvinnu og annarrar þjónustu, hvort heldur sem unnið er innan eða utan húss og það sama gildir um vinnu við nýbyggingar.

Lögin eru ófrávikjanleg, sem þýðir að verktökum og neytendum er óheimilt að semja um lakari rétt en það sem kveðið er á um í lögum. Ef verksamningur milli verktaka og neytanda veitir



neytanda lakari rétt en þann sem lögin tryggja, eru ákvæði og eftir atvikum samningurinn í heild í raun ógildur. Þrátt fyrir framangreint er ekkert sem bannar verktökum veita neytendum betri rétt en það sem lögin kveða á um.

Ágreiningur milli verktaka og verkkaupa byggir oft á mismunandi væntingum um framvindu verks, þar geta margir utanaðkomandi þættir spilað inn í. Þess vegna er lykilatriði að gera skriflegan verksamning, huga að því að samskipti séu skýr og góð, auk þess að bóka um breytingar jafnóðum og þær koma upp. Ef gætt er að þessum atriðum er hægt að lágmarka ágreining milli aðila, bæta gæði og veita betri þjónustu.

Andri Björgvin Arnþórsson,
lögfræðingur hjá
Lögvernd lögmannsstofu.
www.verktakarettur.is

Loftljósið

Hagkvæmur kostur Tenging sem virkar

Hentar fyrir gagnvirkt sjónvarp

Margir möguleikar í boði

Fjartenging myndavélakerfa,
öryggiskerfa ofl.

Ljósið í loftinu!

Lausnir fyrir þig inni á

www.loftljosisid.is

GAGNAVEITAN
GAGNAVEITAN SÚÐURLANDS EHF

Sími 546 0400



Loftljósið næst frá eftirtöldum stöðum:

Seyðishólar - Langholtsfjall - Háafjall - Úthlíð - Tóftir
Krosshóll - Hurðarbak - Heklubýggð - Lúnansholt
Kálfatjörn - Borgarnes - Þjóðólsholt

Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Afreks- og styrktarsjóður Umf. Selfoss og Árborgar - Tæpum þremur milljónum úthlutað til afreksíþróttafólks



F.v.: Birta Sif Sævarsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir (f.h. Elvars Arnar), Eva María Baldursdóttir, Tryggvi Þórisson, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Vilhelm Freyr Steindórsson, Perla Ruth Albertsdóttir, Reynir Freyr Sveinsson, Hrafn Arnarsson, Egill Blöndal, Halldór Bjarnason, Guðmundur Axel Hilmarsson, Barbára Sól Gísladóttir, Ólöf Ólafsdóttir (f.h. Ingibjargar Erlu), Dagný María Pétursdóttir og Viktor S. Pálsson formaður Umf. Selfoss.
Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur.

Tilkynnt var um úthlutun úr Afreks- og styrktarsjóði Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar á uppskeruhátíð íþróttar- og menningarnefndar Árborgar sem fram fór í hátíðarsal FSu 27. desember sl.

Hluti af úthlutuninni, eða um 200.000, fer í endurmenntun sem þjálfarar félagsins sækja en meginhlutinn, eða 2,8 milljónir, eru styrkir sem renna beint til afreksíþróttafólks okkar.

Við úthlutun ársins 2018 fengu

15 íþróttamenn úthlutaðum styrk vegna kostnaðar við landsliðs- verkefni á árinu. Um er að ræða einstaklinga sem eru farnir að láta til sín taka við keppni með yngri landsliðunum Íslands.

Prettán íþróttamenn fengu afreksstyrk að upphæð 130.000 kr. Þar er um að ræða einstaklinga sem keppa með A-landsliðum Íslands eða hafa náð sérstaklega góðum árangri í alþjóðlegri keppni. Þeir sem hlutu styrkinn eru frjálsíþróttamaðurinn Kristinn

Þór Kristinnsson, handboltafólkið Elvar Örn Jónsson, Haukur Þrastarson, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir og Perla Ruth Albertsdóttir, júdómenntimur Breki Bernhards- son, Egill Blöndal, Grímur Ívarsson og Úlfur Þór Böðvarsson og taekwondofólkið Dagný María Pétursdóttir, Daníel Jens Pétursson, Ingibjörg Erla Grétarsdóttir og Kristín Björg Hrólfsdóttir.

Allar upplýsingar um úthlutunina má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net.

Vertu óstöðvandi!

FIMLEIKAR Fimmtudagskvöldið 24. janúar sl. fengu iðkendur í elstu flokkum fimleikadeildarinnar heimsókn frá Bjarna Fritzsyni. Bjarni stendur fyrir fyrirlestrum og námskeiðum undir nafninu „Vertu óstöðvandi!“.

Iðkendurnir tóku þátt í ýmis konar æfingum hjá honum og fengu meðal annars fræðslu um að vera besta útgáfan af sjálfum sér, markmiðasetningu, mótlati, að gera sitt allra besta, sjálfstraust og um hugarfar íþróttamanns.

Iðkendurnir hlustuðu af mikilli athygli og gengu ánægðir út, með mikilvægan fróðleik í farteskinu.



Iðkendurnir hlustuðu af mikilli athygli á Bjarna Fritzsyn. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Bergþóra Kristín.

Tvö töp hjá stelpunum okkar í Olís-deildinni

HANDBOLTI Stelpurnar okkar léku tvo leiki í Olís-deildinni í seinustu viku. Leikirnir voru keimlíkir að því leyti að eftir góðan fyrri hálfleik var seinni hálfleikur stelpunum mjög erfiður.

Fyrri leikurinn var á Ásvöllum í Hafnarfirði gegn Haukum í seinustu viku. Leikurinn var jafn framan af en undir lok fyrri hálfleiks sigu Haukastúlkur fram úr og höfðu þriggja marka forystu í hálfleik, 15-12. Í seinni hálfleik gengu heimakonur á lagið og unnu 13 marka sigur, 33-20.

Mörk Selfoss: Perla Ruth 6, Harpa Sólveig og Sarah Boye 4, Ída Bjarklind 2, Tinna Sigurrós, Rakel, Agnes og Katla Björg 1. Katrín Ósk varði 10 skot.

Fjögur mörk í seinni hálfleik

Stelpurnar tóku á móti Eyjastúlkum á laugardag í síðasta leik annarrar umferðar Olís-deildarinnar.

Selfoss var betri aðilinn í fyrri hálfleik og sýndu stelpurnar flotta takta, bæði í vörn og sókn. Selfoss leiddi í hálfleik 14-11. Þær náðu ekki að fylgja góðum fyrri hálfleik eftir og Eyjastúlkur hrukku í gang, þá sérstaklega varnarlega. Selfoss skoraði aðeins fjögur mörk í seinni hálfleik og þar af aðeins eitt mark síðustu 20 mínútur leiksins. Lokatölur urðu 18-24 ÍBV í vil.

Mörk Selfoss: Harpa Sólveig 6, Perla Ruth og Tinna Sigurrós 4, Sarah 2, Katla María og Hulda

Dís 1. Katrín Ósk varði 19 skot.

Þetta var lokaleikur annarrar umferðar Olís-deildarinnar og situr liðið á botni deildarinnar með fjögur stig. Þriðja og seinasta umferð deildarinnar hefst í byrjun febrúar og verður raðað niður í hana á næstu dögum.



Perla Ruth skoraði tug marka í leikjunum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE.



F.v.: Elvar Örn Jónsson, Teitur Örn Einarsson, Ómar Ingi Magnússon og Haukur Þrastarson. Á myndina vantar Bjarka Má Elísson og Jón Birgi Guðmundsson. Ljósmynd: HSÍ

Eftirtektarvert framlag Selfyssinga á HM

HANDBOLTI Heimsmeistaramótinu í handbolta lauk á sunnudag með sigri frænda okkar Dana en íslenska liðið endaði í ellefta sæti. Eins og flestum Íslendingum er kunnugt léku Selfyssingar stórt hlutverk í liðinu og má segja að handboltaheimurinn bíði spennur eftir framgangi þessa unga og efnilega liðs á næstu árum.

Þegar tölfræði mótsins er skoðuð sést að framlag okkar pílta til liðsins var töluvert en Selfyssingar skoruðu samtals 73 mörk og voru með yfir 50% skotnýtingu, gáfu 32 stoðsendingar og áttu 61 brotið frikast.

Þá eru ónefndar allar þær bólgur sem Jón Birgi Guðmundsson sjúkraþjálfari losaði á mótinu. esó/gj



Hannes Jón Jónsson stýrir í dag liði West Wien. Mynd: WW.

Hannes Jón verður nýr þjálfari Selfoss

HANDBOLTI Hannes Jón Jónsson mun taka við sem þjálfari meistaraflakks Selfoss eftir þetta keppnisútmabil, en hann skrifaði undir þriggja ára samning við Selfoss í seinustu viku. Auk þess að þjálfra meistaraflakki mun hann verða framkvæmdastjóri handknattleiksakademíunnar sem deildin rekur ásamt Fjölbrotaskóla Suðurlands.

Hannes Jón er uppalinn hjá Val en lék m.a. með Selfoss á árunum 2001–2003. Hann fór út í atvinnumennsku og lék með liðunum Ajax København og Fredericia í Danmörku, Elverum í Noregi og Hannover-Burgdorf og THSV Eisenach í Þýskalandi. Auk þess á hann 36 leiki að baki með íslenska landsliðinu. Frá árinu 2015 hefur hann verið þjálfari West Wien í Austurríki.

Handknattleiksdeild Selfoss

er gríðarlega ánægð með að hafa náð samningi við Hannes sem mun halda áfram því metnaðarfulla starfi sem hefur verið í gangi á Selfossi undanfarnar ár. Deildin er jafnframt ánægð að geta tilkynnt þessa ráðningu með góðum fyrirvara sem sýnir metnað til að halda stöðugleika og áframhaldandi uppbyggingu í starfinu.

Við undirritunina sagði Hannes Jón að starfið á Selfossi væri gríðarlega spennandi og mikil áskorun sem hann hlakkar til að takast á við og bætti við: „Það er greinilegt að þar hefur margt mjög gott verið gert síðastliðin ár og hugmyndafræðin í uppbyggingarstarfinu er að skila leikmönnum í fremstu röð. Félagið leggur metnað í að halda áfram að gera vel, það verður gaman að fá að taka þátt í því.“

Samningur ÍSÍ og Air Iceland Connect

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Air Iceland Connect hafa gert með sér samning um afsláttarkjör á innanlandsflugi fyrir íþróttahreyfinguna sem gildir til 31. janúar 2020.

Þátttaka í íþróttastarfi á Íslandi felur í sér mikil og kostnaðarsöm ferðalög og mikilvægt er að búa við öruggar og reglubundnar flugsamgöngur á milli landshluta. Líney R. Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Árni Gunnarsson forstjóri AIC undirrituðu samninginn formlega 18. janúar sl.

Á síðasta ári var tekið upp nýtt fyrirkomulag vegna einstaklingsbókana og verður það óbreytt skv. nýjum samningi. Einstaklingsbókanir fara alfarið í gegnum



Líney R. Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Árni Gunnarsson forstjóri AIC.

bókunarvél á vefsíðu AIC og er notast við inneignarkóða sem fela í sér 2.500 króna inneign. Einnig er hægt að nota eitt inneignarákúr pr. fluglegg. Hægt er

að nota inneignina upp í fargjöld í öllum verðflokkum sem í boði eru á bókunarsíðu AIC. Þar sem afslátturinn er föst upphæð þá er hann hlutfallslega hagstæðastur á lægstu fargjöldunum. Góður fyrirvari á bókun getur því borgað sig. Inneignarkóðana þarf að nálgast fyrirfram á skrifstofu ÍSÍ á hefðbundnum skrifstofutíma og því er hreyfingin hvött til að setja sig í samband við ÍSÍ í góðum tíma fyrir bókun. Til þess að fá inneignarkóða þarf að senda póst á linda@isi.is.

Hópaðanir fara eftir sem áður í gegnum Hópadeild AIC og eru ÍSÍ-hópaðanir tíunduð í samningnum sem finna á www.isi.is.

Fjórtán sveitir tefldu á Suðurlandsmóti grunnskóla

SKÁK Suðurlandsmót grunnskóla í skák fór fram á skákdéginum, föstudaginn 25. janúar sl. í Fischersetri. Mótið var sveitaþing grunnskólanna á Suðurlandi. Skákmótið var í umsjón Skáksambands Íslands og skákstjóri var Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands. Teflt var í tveimur flokkum,

annars vegar 1.–5. bekkur og hins vegar 6.–10. bekkur. Alls tefldu fjórtán lið frá fimm skólum eða sjö lið í hvorum flokki. Sveitirnar komu frá Bláskógaskóla, Flúðaskóla, Grunnskólanum í Hveragerði, Sunnulaekjarskóla og Vallaskóla.

Úrslit urðu þau að í yngri flokknum vann A-sveit Sunnu-

lækjarskóla með alls 22 vinninga af 24. Næst kom sveit Flúðaskóla með 15 vinninga og þá A-sveit Vallaskóla með 13 vinninga. Í eldri flokknum vann A-sveit Hveragerðis með 20½ vinning. Næst kom A-sveit Flúðaskóla með 17 vinninga og þá sveit Vallaskóla með 16½ vinning.



Vinningssveit Sunnulaekjarskóla í yngri flokki ásamt Ágústu Tryggvadóttur liðsstjóra og Gunnari Björnssyni, forseta SÍ.



Sveit Flúðaskóla sem var í öðru sæti yngri flokks ásamt Árna Þór Hilmarssyni liðsstjóra og Gunnari Björnssyni, forseta SÍ.



A-sveit Vallaskóla sem var í þriðja sæti yngri flokks ásamt Björgvini S. Guðmundssyni og Gunnari Björnssyni, forseta SÍ.



Vinningssveit Hveragerðis í eldri flokki ásamt Sveinbirni Jóni Ásgrímssyni liðsstjóra og Gunnari Björnssyni, forseta SÍ.



A-sveit Flúðaskóla er var í öðru sæti í eldri flokki ásamt Árna Þór Hilmarssyni liðsstjóra og Gunnari Björnssyni, forseta SÍ.



Sveit Vallaskóla er var í þriðja sæti í eldri flokki ásamt Björgvini Smára Guðmundssyni og Gunnari Björnssyni, forseta SÍ.

Dagur Fannar setti tvö HSK-met á Stórmóti ÍR

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Nokkrir keppendur af sambandsvæði HSK tóku þátt í Stórmóti ÍR helgina 19.–20. janúar sl. Tvö HSK-met voru sett á mótinu. Dagur Fannar Einarsson keppandi Umf. Selfoss bætti ársögmul eigin met í 400 metra hlaupi innanhúss í flokkum 16–17 ára og 18–19 ára. Dagur Fannar hljóp á 51,97 sek. og bætti sig um 0,25 sek. Heildarúrslit mótsins eru á www.fri.is.



Dagur Fannar Einarsson.

Björn Ásgeir með U20 landsliðinu

KÖRFUBOLTI Björn Ásgeir Ásgeirsson, leikmaður Selfoss-körfu, tók þátt í æfingum U20 landsliðsins í lok síðasta árs. Liðið er að hefja undirbúning fyrir verkefni ársins og verður spennandi verkefni fyrir Björn að tryggja sér sæti í liðinu og spila landsleiki í sumar.

Björn er ekki eini fulltrúi Selfoss-körfu í þessu liði því Chris Caird, þjálfari meistara-flokks Selfoss og unglinga-flokks Selfoss/Hamars/Hruna-manna er þar aðstoðarþjálfari, með Finni Frey Stefánssyni.



Baðstofukvöld SSK Sögusestrinu, Hvolsvelli föstudaginn 1. febrúar 2019

Kvenfélagið Eining, Hvolhreppi, býður heim á Degi kvenfélagskonunnar 1. febrúar.

„Gyllum tilveruna saman“

Við hittumst í Sögusestrinu á Hvolsvelli kl. 20:00 og njótum þess sem það hefur upp á að bjóða.

Boðið verður upp á veitingar að hætti kvenfélagskvenna.

Verið allar hjartanlega velkomnar.

Kvenfélagið Eining, Hvolhreppi.



Tímabundin staða íþróttakennara

Við Kirkjubæjarskóla á Síðu er laus 100% staða íþróttakennara tímabundið, frá mars til desember 2019. Um er ræða íþrótta- og sundkennslu nemenda 1.–10. bekkjar sem og íþróttakennslu leikskólabarna og eldri borgara.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íþróttakennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla æskileg.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Góð hæfni í samskiptum við nemendur á öllum aldri.
- Góðir skipulagshæfileikar.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsíðum fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga sbr. lög nr. 91/2008 um grunnskóla Laun samkvæmt kjarasamningi KÍ og SNS.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Katrín Gunnarsdóttir skólustjóri á skólustjóri@klaustur.is eða í síma 487 4633.

Umsóknir má senda rafrænt á netfangið skólustjóri@klaustur.is ásamt nauðsynlegum gögnum.

Fasteignasölurnar Staður og Domusnova hafa sameinað krafta sína



Sverrir og Guðný.

Um síðastliðin áramót sam-einuðust fasteignasölurnar Domusnova og Staður undir merkjum Domusnova fasteignasölu á Selfossi.

Domusnova fasteignasala er með skrifstofu sína að Austurvegi 6, 1. hæð, þar sem Sparisjóðurinn var áður til húsa. Útibússtjóri fasteignasölnunnar á Selfossi er Sverrir Sigurjónsson, lögmaður og löggiltur fast-

eignasali. Honum til halds og trausts er Guðný Guðmundsdóttir, sem lokið hefur löggild-ingarnámi fasteignasala.

Sverrir og Guðný hvetja Sel-fyssinga og Sunnlendinga alla til að kíkja við á nýju skrifstof-unninni ef þeir eru í fasteignahug-leiðingum, þar sem markmið fasteignasölnunnar er að veita vandaða, örugga, sanngjarna og ódýra þjónustu.

ÞAÐ ER KREFJANDI STARF AÐ VERA BÓNDI

– Hrafnhildur Baldursdóttir og Ragnar Finnur Sigurðsson, bændur á Litla-Ármóti í Flóahreppi

Blaðamaður Dagskrárinnar fékk hlýjar móttökur hjá þeim hjónum Hrafnhildi Baldursdóttur og Ragnari Finni Sigurðssyni, bændum á Litla-Ármóti í Flóahreppi, þegar hann heimsótti þau fyrir stuttu. Þau eru ungir bændur sem eru um þessar mundir að kaupa jörðina af foreldrum Hrafnhildar. Við kynnum okkur lífið í sveitinni þeirra og hvernig það er að vera ungur bóndi í dag.

Lærðum heilmikið á veru okkar í Noregi

Hrafnhildur og Ragnar lærðu bæði í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Að því loknu fóru þau í framhaldsnám við landbúnaðarháskólann að Ási í Noregi. Hrafnhildur fór í nám í fódurfræði nautgripa á meðan Ragnar nam byggingaverkfræði. Þess má geta að hann hannaði einmitt fjósið, sem nú er í byggingu hjá þeim hjónum, að miklu leyti.

„Við unnum bæði þarna úti, bæði með náminu og eftir það. Ég vann t.d. á bóndabæ sem fódurfræðingur og Ragnar sem byggingaverkfræðingur hjá Norsk Landbruksrådgiving. Mitt mastersverkefni var í tengslum við NorFor, sem er fódurmatsforrit fyrir kýr sem er notað m.a. hér heima líka. Verkefnið nýtist auðvitað beint í það sem við ætlum okkur hér heima,“ segir Hrafnhildur.

Árið 2012 sneru þau svo heim aftur eftir 5 ár í Noregi. „Við komum heim þarna um vorið. Við áttum von á okkar fyrsta barni og vildum ekki festast í Noregi og ákváðum því að drífa okkur heim áður en barnið kæmi í heiminn,“ segir Hrafnhildur.

Mikill fengur að hafa þekkinguna frá mömmu og pabba

Þegar heim var komið leigðu þau sér húsnaði á næsta bæ og unnu á Litla-Ármóti samhliða foreldrum Hrafnhildar en tóku svo við rekstri búans 1. maí 2013 og leigðu búið af þeim.

„Við erum svo að kaupa búið núna og samhliða því að byggja hér nýtt fjós. Við gerðum það þannig að við tókum svona aðlögunarár 2012. Þau voru að draga saman og við að koma inn í búið og svo tókum



Hrafnhildur Baldursdóttir og Ragnar Finnur Sigurðsson.

Mynd: GPP.

við við 1. maí 2013,“ segir Ragnar. Hrafnhildur bætir við: „Ef maður ætti að ráðleggja öðrum í þessum hugleiðingum þá reyndist okkur vel að hafa nokkuð skörp skipti. Slíkt kemur í veg fyrir að margir séu að stýra sömu skútunni og reyndist okkur vel. Einnig er reyndar mikill fengur fyrir okkur að taka við af mömmu og pabba þar sem þekking þeirra er mikil á staðnum og gríðarlega gott að geta leitað ráða. Það er svo spurning hvort maður fer eftir þeim,“ segir Hrafnhildur glettin og hlær.

Krefjandi en ákveðin lífsfylling

Hvernig er að vera bóndi í dag, er það erfitt?

„Já, ég myndi segja það, eða kannski segja að þetta sé allavega mjög krefjandi. Fyrir mína parta þá hef ég dálitlar áhyggjur af framtíðinni þegar næsta kynslóð tekur svo við. Við erum færri og færri sem förum í þetta starf. Launin eru að hækka og hækka í þjóðfélaginu almennt, en eru heldur að lækka hjá bændum. Þá er rætt um styttingu vinnuviku og bændur eru alveg á skjön við það,“ segja þau bæði.

„Fólk vill meira frí og þessar kröfur minnka ekki. Þess vegna er maður aðeins uggandi yfir þessu til framtíðar litíð,“ segir Hrafnhildur.

Þýðir einfallega mikla vinnu og útsjónarsemi

Þannig að þessi rómantíska mynd sem gjarna er dregin upp af sveitalífinu er ekki raunsönn?

„Nei ég myndi ekki segja það. Sem dæmi má nefna að aðstaðan hér er komin til ára sinna og við jafnframt að stækka. Þetta þýðir einfaldlega mikla vinnu og útsjónarsemi. Allt er skipulagt í þaula og maður horfir lengra fram í tímann. Búin eru að stækka og gripum að fjölga. Í stað þess að vera kannski með 30 burði á ári þá eru kannski kominn með 60–80 burði á ári sem eykur vinnuna til muna þrátt fyrir aukna tækni. Einnig er vert að benda á að kröfurnar hafa aukist mikið um aðbúnað, sem er gott því það ætti að koma fram í bættum gæðum en þá þarf líka að muna eftir því að það kostar og erfitt að velta því eingöngu á framleiðandann. Þá verða bændur að muna eftir því að gera kröfur líka,“ segir Hrafnhildur.

Maður brennur fyrir þessu í hjartanu

Hvað er það sem keyrir ykkur áfram í að verða bændur?

Hrafnhildur hlær dátt og segir: „Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur, er

það ekki? Nei, það er auðvitað vegna þess að maður sækir í þetta vegna þess að það er krefjandi. Maður er fyrir náttúruna og dýrin. Þá brennur maður fyrir þessu í hjartanu. Síðan sér maður árangurinn. Bæði að leggja til við matvælaframleiðsluna og þú sérð grasið sem þú varst að rækta og ætlar að gefa skepnum þínum hefðinginn um veturinn. Það er ótrúlega góð tilfinning. Einnig ertu þinn eigin herra með þitt eigið fyrirtæki. Ef við ætluðum að græða peninga, myndum við velja eitt-hvað annað starf. Þetta er ákveðin lífsfylling sem maður fyllir ekki upp í með pappír þ.e. peningum,“ segir Hrafnhildur.

Takmarkið að vera með gæðavörur og geta lifað af starfinu

Hver er framtíðarmúsíkin hjá ykkur varðandi framleiðsluna?

„Við viljum framleiða gæðamjólk og gæðakjöt við sem bestar aðstæður fyrir dýr og menn. Við höfum bæði verið með uxa og svo hefðbundin naut í kjötrframleiðslu. Munurinn á þessu er að uxarnir eru geldir af dýralækni, en það skilar sér í hægari vaxtarhraða og meiri fitusprengingu í kjötinu og kjötið verður mun meyrara. Margir þekkja að kvígukjöt er mjög meyr. Uxakjötið er sagt vera stigi fyrir ofan það í gæðum. Við höfum fengið mikið lof fyrir þessa framleiðslu og erum að selja þetta til nokkurra fastakúna og sá hópur fer stækandi,“ segir Ragnar.

Hrafnhildur heldur áfram: „Það er líka gaman að fólk hefur mikinn áhuga á uppruna vörunnar, vill þekkja okkur og vita hvernig kjötið er framleitt, að við séum að fara vel með skepnum og halda gæðum í hámarki. Ætli takmarkið hjá okkur sé ekki að vera með gæðavörur og geta lifað þokkalega af því sem við erum að fást við.“

Ragnar segir einnig að mikilvægt sé að skipuleggja og setja sér markmið til framtíðar, þar sem lokatakmarkið er að skila landinu í góðu standi fyrir næstu kynslóð og Hrafnhildur tók heilshugar undir.

Lesendur sem hafa hug á að kaupa framleiðsluvörur af þeim hjónum, geta haft samband gegnum netfangið litlaarmot@gmail.com.

Viðtal: GPP.



„Við viljum framleiða gæðamjólk og gæðakjöt við sem bestar aðstæður fyrir dýr og menn“

Nýtt fjós í byggingu á Litla-Ármóti. Mynd: GPP.

Hverjum tilheyri ég í nýju fyrirkomulagi Heilsugæslustöðvar Selfoss?

Hverjum tilheyri ég í nýju fyrirkomulagi Heilsugæslustöðvar Selfoss?

Nú í byrjun febrúar munu allir íbúar sem heyra undir Heilsugæslustöð Selfoss tilheyra teyminum. Skipting í teymin sem verða tvö byggist á þeim heimilislækni sem viðkomandi á.

Þess vegna er mikilvægt að allir eigi heimilislækni. Þeir sem ekki eru skráðir á heimilislækni verður úthlutað heimilislækni og fá bréf um það sent heim.

Teymin verða kölluð Blátt og Rautt teymi og skiptast heimilislæknar og hjúkrunarfræðingar þannig í teymin.

Hjúkrunarfræðingar og læknar eru í teymunum og að auki koma læknaritara, sjúkraliðar og hreyfistjóri einnig að teymunum.

Blátt teymi	Rautt teymi
Víðir Óskarsson	Arnar Þór Guðmundsson
Jórunn Viðar Valgarðsdóttir	Þórður Guðmundsson
Vignir Þór Bjarnason	Jasec Kantorski
Bjarki Steinn Traustason	Júlía Sybille Leschorn
Ragnheiður Thor Antonsdóttir	Anna Margrét Magnúsdóttir
Thelma Dröfn Ásmundsdóttir	Berglind Björk Guðnadóttir
Bryndís Erlingsdóttir	Margrét Björk Ólafsdóttir
Þorbjörg Anna Steinarsdóttir	Herdís Sif Ásmundsdóttir
Íris Alma Össurardóttir	Anna Guðríður Gunnarsdóttir
Anna Guðríður Gunnarsdóttir	Ólöf Dagmar Úlfarsdóttir
Ólöf Dagmar Úlfarsdóttir	Eiríka Benný Magnúsdóttir
Eiríka Benný Magnúsdóttir	



um. Nema í heimilislækningum skiptast líka niður á þessi tvö teymi. Sumir starfsmenn ganga þvert á teymi meðan aðrir eru eingöngu í öðru teyminu.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Unnur Þormóðsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslustöðvar Selfoss.
Arnar Þór Guðmundsson, yfirlæknir heilsugæslustöðvar Selfoss.

Menningarkorti Suðurlands dreift inn á öll heimili á Suðurlandi



Menningarkort Suðurlands er nú komið út. Kortið er yfirlitskort sem jafnframt gildir sem afsláttarkort. Kortið veitir m.a. afslætti af aðgangseyri fyrir alla fjölskylduna og afslætti af vörum. Kortinu er nú verið að dreifa inn á öll heimili á Suðurlandi.



Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) gefa kortið út og er það unnið í nánú samstarfi við söfn og sýningar á Suðurlandi. Útgáfa kortsins er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum SASS. Markmið verkefnisins er að hvetja Sunnlendinga til að sækja söfnin heim og auka almennt kynningu á söfnum og sýningum á Suðurlandi. Er það liður í því að uppfylla markmið Sóknaráætlunar Suðurlands, sem er m.a. að efla og styðja við menningarstarf í landshlutanum.

Suðurland hefur margt upp á að bjóða á sviði menningar og lista. Af hverju ekki að gera eitthvað sunnlenskt með fjölskyldunni um helgina? Það er svo margt að sjá og upplifa á Suðurlandi. Gleymum ekki öllu því sem í boði er í okkar landshluta. Hvort sem það er næsta helgi, vetrarfrí skólanna, sumarfríð eða önnur tækifæri, þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta notið menningar og lista á Suðurlandi.

Beðist er velvirðingar á mistökum sem áttu sér stað í útgáfu kortsins. Heimasíða Eldheima er að sjálfsgöngu eldheimar.is. Afslættir eru veittir gegn framvísun kortsins. Menningarkort Suðurlands gildir út árið 2019. Geymið því kortið og hafið með í för þegar þið njótið þess sem Suðurland hefur upp á að bjóða.

Kvenfélag Grímsneshrepps gefur til HSU



Konur úr Kvenfélagi Grímsneshrepps, ásamt forstjóra HSU, framkvæmdastjóra hjúkrunar, sjúkráðgjafara og hjúkrunarfræðingi af göngudeild. Mynd: HSU.

Þann 18. janúar sl. kom hópur kvenfélagskvenna úr Grímsnesi í heimsókn á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Tilfni heimsóknarinnar var að færa HSU formlega að gjöf rúmhlól, sem félagið færði stofnuninni í lok síðasta árs, en stofnunin hefur ekki átt slíkt tæki áður.

Hjólíð er af gerðinni Motomed letto2 og er sérhannað til að renna að meðferðarstól/bekk eða rúmi, undir og yfir það svo sá sem er rúmliggjandi geti hjólað án þess að fara úr stól eða rúmi. Sérstök ánægja er með það á Göngudeild HSU þar sem hjólíð er notað þrisvar í viku, en þar er það notað af einstaklingum

sem koma í blóðskilun. Hreyfingin við að hjóla um leið og blóðskilun er í gangi eykur blóðflæðið og þar með árangur blóðskilunar. Hjólíð skiptir einstaklinga sem koma í blóðskilun því miklu máli. Heildarverðmæti tækisins er 1.466.758 kr.

Kvenfélag Grímsneshrepps er eitt af elstu kvenfélögum landsins og fagnar á þessu ári, þann 24. apríl, 100 ára afmæli.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands óskar Kvenfélagi Grímsneshrepps alls hins besta í tilefni árafjöldans og þakkar um leið kærlega fyrir þessa veglegu og glæsilegu gjöf.



LAUS RÝMI TIL LEIGU Í MIÐJU Á HELLU!

Frábært tækifæri fyrir einyrkja og/eða lítil fyrirtæki til þess að koma sér fyrir á besta stað á Suðurlandi!

Miðja er verslunar- og þjónustukjarni á Hellu þar sem í dag eru um 20 fyrirtæki af ýmsum toga.

Á Hellu er mikil uppbygging og eru um 30 íbúðir í byggingu þessa dagana.

LAUS RÝMI:

Skrifstofa á 3. hæð	16,5 m ²
Skrifstofa á 3. hæð	10,7 m ²
Rými á 3. hæð	14,5 m ²
Skrifstofa á 2. hæð	20,9 m ²
Rými á neðstu hæð	119 m ²

Rýmin eru laus strax.

Allar nánari upplýsingar fást hjá Heimi Hafsteinssyni í síma 780 8833 eða á netfanginu heimir@ry.is.

Félag skógareigenda á Suðurlandi

-Félagsfundur í Gunnarsholti, laugardaginn 2. febrúar kl. 10,30



Næsti félagsfundur verður í Gunnarsholti, laugardaginn 2. febrúar, kl. 10:30. Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri á Mógilsá, mun flytja erindi og fræða okkur um trjátegundir, sem skógarbændur geta ræktað og komið til sjálfir.

Skógræktin mun leggja áherslu á nokkrar helstu tegundir til afhendingar til skógarbænda. Það er því

áhugavert fyrir skógarbændur, að rækta sjálfir aðrar tegundir til að fá fjölbreytni í skóginum, en ásynnd hans skiptir miklu máli, fjölbreyttar tegundir trjáa og berjarunna, gera góðan og fallegan skóg enn verðmætari og mun meira augnayndi.

Nú þegar auka á skógrækt

á landinu, er tækifæri fyrir bændur í hefðbundnum búskap og aðra áhugasama landeigendur um skógrækt að kynna sér þessa áhugaverðu grein.

Fundurinn er opin öllum áhugafólki um skógrækt.

Gaf Tónlistarskólanum gamla fiðlu



Ísleifur Gíslason og Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hveragerði með fiðluna góðu.

Ísleifur tók fiðluna með sér heim og einhvern veginn ætlaðist það þannig að dóttir hans kynntist Szymon Kuran og sagði honum frá fiðlunni. Szymon bað um að fá að skoða fiðluna og var með hana í láni um tíma. Hann hafði síðan samband við hjónin og vildi koma með hana heim til þeirra og spila nokkur lög, sem hann og gerði. Szymon sagði þetta sennilega vera 150—200 ára gamla fiðlu og að hún hefði einstaklega þýðan hljóð. Ísleifur fór með fiðluna til Jóns Marinós Jónssonar fiðlusmiðs og fékk hann til að líta á gripinn. Hann gat lítið sagt fleira en að fiðlan hefði sennilega verið smíðuð í Tékkóslóvakíu og væri kannski 200—300 þúsund króna virði.

Ísleifur sendi bæjarráði Hveragerðis bréf 9. janúar sl. þar sem hann segist hafa hugsað sér að gefa fiðluna til Tónlistarskóla Árnesinga. Skólinn geti þá lánað hana góðum upprennandi nemanda gegn loforði um ástundun og góða meðferð á fiðlunni. Hann tók fram að kassinn væri kannski ónýtur þó sennilega mætti gera við hann í handavinnutíma.

Bæjarráð þakkaði Ísleifi rausnarlega gjöf og fól bæjarstjóra að koma fiðlunni til skólastjóra Tónlistarskóla Árnesinga en skólinn er rekinn af sveitarfélögum í sýslunni og þar með Hvergerðingum.

Árið 1996 fóru hjónin Ísleifur Gíslason og Arnís Borgþórsdóttir til Prag í Tékkóslóvakíu (nú Tékkland) í heimsókn til vina sinna Þóris Gunnarssonar, ræðismanns Íslands í Prag, og Ingibjargar Jóhannsdóttur konu hans sem nú er látin. Þeir Ísleifur og Þórir urðu fimmtugir um þetta leyti eða með tíu daga millibili, Ísleifur 14. ágúst en Þórir 24. ágúst. Á afmæli Ísleifs gaf Þórir honum gamla fiðlu ásamt lélegum fiðlukassa í afmælisgjöf.

Gæludýra!

Verið velkomin! dagar

Laugardaginn 2. febrúar verður sérstakur gæludýradagur í verslun okkar á Selfossi.

Dagskráin er frá 10:00 - 14:00

Dropasteinsræktun

Svana Runólfsdóttir kynnir Chow Chow

Ístjarnar ræktun

Elma Cates kynnir Bedlington Terrier og Íslenskan fjárhund.

Ína Björg

Kynnir Standard Poodle og franskan Bulldog

Steinhóla ræktun

Heiðbjört Haðardóttir kynnir Steinhóla ræktun - Tibetan terrier

Prettierræktun

Ósk Guðvarðardóttir kynnir Pug, Chow chow og Persa kött.

Ólfus Hundarækt

Guðrún Pálína Haraldsdóttir kynnir German Shepherd rakka

Ásgeir Andrasen

Kynnir German Shepherd tik

Reykjadals ræktun

Brynhildur Inga kynnir Íslenskan fjárhund. (10-12)

Gæludýravörur á tilboði!

Gildir frá 31. janúar - 7. febrúar



Gæludýrafóður

20-30% afsláttur



Gæludýravörur

20% afsláttur



Kaffi, kleinur og Svali í boði



Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

As We Grow vinsælt meðal ferðamanna á Suðurlandi



Íslenska fatahönnunarkerkið As We Grow hefur verið að vaxa jafnt og þétt erlendis síðastliðin ár en hvergi jafn hratt og í Japan. Þar í landi er fyrirtækið nú komið í 20 verslanir og stefnir í áframhaldandi vöxt.

Þegar vörumerkið fór fyrst á markað þar fyrir rúmum tveimur árum var það valið eitt af áhugaverðustu barnafatamerkjum þar í landi. Í vetur bættist svo við sala á fullorðinsvörum As We Grow í Japan.

Gréta Hlökkversdóttir, framkvæmdastjóri og annar eigenda As We Grow, segir Japani vera mjög kröfuharða kaupendur og leggja ofuráherslu á gæði og

fallega hönnun, en einnig að vörurnar séu umhverfisvænar og úr fyrsta flokks náttúrulegu hráefni, alpaca ull, lífrænni bómull og hör. Því sé það einstaklega gaman að vörurnar séu að slá í gegn þar. „Það sem þeir hafa fyrst og fremst fallið fyrir hjá okkur er tímalaus og stílhrein hönnun en það skiptir þá líka miklu máli að vörurnar okkar séu umhverfisvænar og „fair trade“, það er að hugsað sé vel um kaup og kjör starfsfólksins sem kemur að því að framleiða vörurnar og er þetta því gríðarleg viðurkenning fyrir okkar vörumerki,“ segir Gréta. As We Grow hlaut einmitt Hönnunarverðlaun Íslands 2016 fyrir að byggja á ábyrgum umhverfissjónarmiðum og afstöðu gagnvart líftíma og endingu framleiðsluvöru á tímum ofgnóttar.

Vörur As We Grow fást í dag í um 80 verslunum í 10 löndum, þar af um 10 verslunum í Reykjavík. Fyrirtækið er með hönnunarbúð Stracta Hótelinu á Hellu á Suðurlandi, þar sem vörumerkið hefur slegið í gegn meðal erlendra ferðamanna sem og íbúa Suðurlands.

Brúnastaðasystkinin 1000 ára gömul



Hjónin Ágúst Þorvaldsson og Ingveldur Ástgeirsdóttir

Samanlagður aldur fimmtán systkina frá Brúnastöðum í Hraungerðishreppi hinum forna nær nú eitt þúsund árum. Einn af tólf bræðrum er látinn, Gísli sem var fjórði í aldursröðinni. Hann lést 2006 og átti að baki tæplega sextíu og eitt lífár. Foreldrar systkinanna, Ágúst Þorvaldsson og Ingveldur Ástgeirsdóttir, voru kunn hér í héraði. Hann var landskunnur alþingismaður á sínum tíma. Ágúst var fæddur á Eyrarbakka 1907 og lést 1986. Ingveldur var fædd á Syðri-Hömrum í Ásahreppi 1920 og lést 1989. Þau bjuggu að Brúnastöðum.



Systkinin fremri röð: Ásdís, Hrafnhildur, Hjálmar, Guðni, Auður og Guðrún. Efri röð: Sverrir, Jóhann, Tryggvi, Valdimar, Þorsteinn, Bragi, Geir, Ketill og Þorvaldur.

Íþróttir fyrir alla í Rangárþingi eystra



Í Rangárþingi eystra er lögð mikil áhersla á að allir íbúar geti stundað þá hreyfingu sem hentar hverjum og einum. Íþróttamiðstöðin á Hvolsvelli er vel útbúin tækjum fyrir allskonar íþróttir margir nýtt sér aðstöðuna sem þar er. Líkamsræktarstöð er á annarri hæð hússins og útsýnið af hlaupabrettinu er virkilega gott. Síðast en alls ekki síst má

nefna sundlaugina. Á Hvolsvelli er 25 m útisundlaug. Við hana eru heitir pottar, kaldur pottur, rennibraut og ný, endurbætt gufa. Prófað var að lengja opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar til 17:00 um helgar og hefur það gefist vel. Í sveitarfélaginu er mikil áhersla lögð á að allir aldurs hópar finni eitthvað við sitt

son m.a. eftirfarandi ljóð eftir Magnús Gunnar Sigurjónsson á Stokkseyri sem hann flutti þeim Brúnastaðahjónum þegar þau voru heiðursgestir Stokkseyr-inga fyrir 35 árum:

Heill sé þér höfðingi
Hraungerðinga.
Velkominn vertu
vina á fund.
(Fagna þér frændur
Fornrar ættar)
Brattsholts frá Bergi
bornir niðjar.

Fagnar þér fremur
Flóinn allur
mögur sinn man
af manna þingum.
Stóð um þig styr
og sterkir vindar
Skóku þitt skip
við skarpann leik.

Muna má þig
mæla á þingum
fyrir framtíðum
fagurra sveita
tæpi tunga
töluð var ei
en hátt í heiðríkju
háleitra tóna
gafst þú æ gætur
að gróandans þörf.

Bónði er bústólpi
bú er landstólpi
meitlað var mynstur
í mál þitt og gerð.
Heill sé þér höfðingi
Hraungerðinga
virtur af verkum
hjá vorri þjóð.

Þá skal og Ingveldi
Ástgeirsdóttur
árnaðaróskir
af alhug færðar.
Sunnlenskum sveitum
sómi er að
samhentum slíkum
sæmdarhjónum.

Systkinin þakka vinsemd og kveðjur sem þeim hafa borist í tilefni afmælisins.



Ertu í söluhugleiðingum á nýju ári?

FRÍTT VERÐMAT

Verið velkomin í kaffi til okkar að Austurvegi 6 Selfossi

DOMUSNOVA
Fasteignasala

FASTEIGNASALA VENJULEGA FÓLKINS - AUSTURVEGI 6 - WWW.DOMUSNOVA.IS - Sími 527 1717

Baðstofukvöld á Flúðum



Vörðukórinn stendur fyrir hinu geysivinsæla Baðstofukvöldi á Flúðum, næstkomandi föstudagskvöld 1. febrúar klukkan 20:30.

Kappkostað er að bjóða upp á skemmtilega, fjölbreytta dagskrá og að sjálfsögðu býður þessi matglaði kór upp á veitingar í hléi. Einnig verður barinn opinn fyrir þá sem verða þyrstir.

Gestakór verður Karla­kór Rangæinga ásamt Hermann­i Árnasyni, en auk þeirra verða söng- og skemmtiatriði úr héraði.

Uppsveitafólk er þekkt fyrir að skemmta sér og öðrum og verður engin undantekning á því þetta kvöld. Setið verður til borðs og reynt að skapa notalega stemningu.

Miðaverð er 2500 krónur



M Blaðberar óskast á Selfossi

Morgunblaðið auglýsir eftir blaðberum á Selfossi. Upplýsingar hjá umboðsmanni á netfanginu leifurgudm@gmail.com eða í síma 698 0629 eftir kl. 12.

LEIKFÉLAG HVERAGERÐIS



SÝNT Í LEIKHÚSINU AUSTURMÖRK 23

Two into one

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri:

María Sigurðardóttir

Frumskýning: Laugardaginn 2. febrúar

kl. 20.00, 2. sýning sunnudaginn

3. febr. kl. 20:00, 3. sýning föstudaginn

8. febr. kl. 20:00, 4. sýning laugardaginn

9. febr. kl. 20:00

Miðapantanir í síma 863-8522,

Miðaverð kr. 3.000-

Sala fráveitu Árborgar er glapræði

Hinn 21. desember sl. birtist á heimasíðu Árborgar pistill eftir bæjarstjóra Árborgar þar sem hann rekur kosti þess að sveitarfélagið selji tæplega helmingshlut í fráveitu sveitarfélagsins. Í sjálfu sér er merkið að bæjarstjórnin skuli nota heimasíðu sveitarfélagsins til að setja fram slíkar hugleiðingar um mál sem ekki hafði verið rætt í bæjarráði eða bæjarstjórn. Alla jafna hefur fréttaflokkurinn frá bæjarráði og bæjarstjórn á heimasíðunni miðast við mál sem hafa hlotið einhverja umfjöllun eða afgreiðslu í bæjarráði eða bæjarstjórn, eða verið ákveðið af bæjarráði eða bæjarstjórn að setja í kynningu. Hér virðist vera um stefnubreytingu að ræða. Mögulega skiptir ekki lengur máli hvað bæjarráð eða bæjarstjórn ákveða.

Það er líka svolítið merkið, miðað við að það er ein af frumskyldum bæjarstjóra, að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, að hann tiltekur einungis það sem hann sér sem kosti við verkefnið. Mögulegra galla við sölu á mikilvægum innviðum sveitarfélagsins er hvergi getið. Þess er t.d. hvergi getið hvaða verð hefur verið nefnt fyrir eignarhlutann, en það verð er mjög langt frá því að endurspeglar raunverulegt virði fráveitu Árborgar. Í pistlinum er ekki velt upp hvaða verðmiði yrði settur á eignarhlutann, ef sveitarfélagið myndi leitast við að kaupa hann til baka eftir einhver ár.

Afar mikilvægt er fyrir sveitarfélög að eiga sjálf þá innviði sem skipta þjónustu við íbúana mestu máli. Nokkur sveitarfélög fóru nokkuð bratt í það fyrir um 15 árum að selja

mannvirki sín til félags sem var í eigu einkaaðila og viðkomandi sveitarfélaga, eða láta félagið standa að byggingu nýrra mannvirka sem sveitarfélögin leigðu síðan. Var þar t.d. um að ræða skóla, leikskóla, íþróttamannvirki og skrifstofuhúsnæði. Flestir muna nú eflaust hvernig það fór og fyrir um tveimur árum tókst loks öllum sveitarfélögunum að losna út úr þessu ævintýri með ærnum tilkostnaði. Líklega eru allir sammála um að þetta var dæmi sem gekk ekki upp fyrir sveitarfélögin.

Ekkert hefur breyst sem gerir þennan kost fýsilegri nú. Meðal þeirra kosta sem bæjarstjóri nefnir er lækun skuldabyrði. Á síðustu tveimur kjörtímabilum var unnið hörðum höndum að því að koma Sveitarfélaginu Árborg úr þeirri gjörgæslu sem það var komið í fjárhagslega. Það svigrúm sem nú hefur skapast er hægt að nota til nauðsynlegra fjárfestinga, en enn gildir það sem mikilvægt er að hafa að leiðarljósi – að forgangsraða og láta skynsemina ráða við fjárfestingar. Skýjaborgir eru ekki tímabærar.

Einnig er í pistlinum nefnd möguleg lægri arðsemiskrafa og að ávöxtunin rynni annars vegar til íbúanna í gegnum bæjarsjóð og hins vegar „í sjóði lífeyrisþega“. Það er afar merkilegt að þetta skuli talið til kosta. Í dag er staðan sú að ávöxtunin rennur öll til íbúanna í gegnum bæjarsjóð. Fráveitu Árborgar ber engin skylda til þess að sjá sjóðum lífeyrisþega fyrir fjármagnstekjum! Raunin er líka sú að Sveitarfélaginu Árborg hafa til þessa staðið til boða hagstæðari lánskjör, eða um 4%, sem er mun hagstæðara en sú

Gunnar Egilsson

bæjarfullrúi
D-lista í Árborg



7–8% arðsemiskrafa sem hefur verið nefnd.

Í pistlinum er talað um bættan rekstur með „faglegu aðhaldi stjórnar“. Ef núverandi meirihluti bæjarstjórnar og bæjarstjóri treysta sér ekki til að halda utan um stjórn fráveitu Árborgar, sem er langt frá því að vera stærsta fyrirtæki í heimi, þá ættu viðkomandi aðilar að snúa sér að öðru.

Félagið Innviðir fjárfestingar slhf., sem hefur áhuga á kaupunum, er ekki bara í eigu lífeyrisjóða eins og látið hefur verið í veðri vaka. Svo sem fram kom á síðasta bæjarstjórnarfundinum er það einnig í eigu hlutafélags sem er að fullu í eigu Heiðars Guðjónssonar. Í stjórn Innviðar eru Heiðar Guðjónsson, Vilhjálmur Egilsson og Rútur Örn Birgisson. Tekjur fráveitu Árborgar koma frá íbúum og fasteignaeigendum í gegnum fasteignagjöld. Tekjurnar nema ríflega 300 milljónum króna á ári. Vilja íbúar Árborgar fela þessum aðilum umráð yfir helmingi teknanna? Þessir aðilar hafa a.m.k. ekki verið kjörnir til þess. Nefnt hefur verið að það séu skýrar reglur um hámark tekna svona félaga, í þessu tilviki hámark fráveitugjalds. Gaman væri að þær reglur væru lagðar fram. Það er engin trygging fyrir því að fráveitugjöld lækki með þessari ráðstöfun eins og látið hefur verið liggja að, þvert á móti gætu þau hækkað.

Tilraunavinnsla á límtré úr íslensku timbri

Skógræktin hefur gert samkomulag við Límtré Vírnet og Nýsköpunarmiðstöð Íslands um tilraunavinnslu á íslensku timbri til límtrésframleiðslu. Öflun viðar til verkefnisins hófst fyrir skömmu.

Björn Bjarnald Jónsson, verkefnastjóri afurðamála hjá Skógræktinni, hefur átt í viðræðum við Límtré Vírnet og Nýsköpunarmiðstöð Íslands undanfarnin misseri. Hann segist finna fyrir miklum áhuga á vinnslu sem þessari, bæði innan Skógræktarinnar og hjá þessum nýju samstarfsaðilum. Timburvinnslufyrirtækjum sé akkur í því að geta sýnt fram á að tiltekið hlutfall framleiðslunnar sé unnið úr heimaefngnu hráefni og vaxandi kröfur verði um slíkt í framtíðinni. Sömuleiðis sé áhugavert að finna aðferðir til að búa til aukin verðmæti úr þeim grönnum bolum sem til falla við grisjun íslenskra skóga.

Í samningi sem undirritaður



Trausti skógarvörður í miðri. Með honum eru Logi Unnarsson Jónsson frá Límtré Vírneti (t.v.) og Eiríkur Þorsteinsson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands (t.h.).

var 10. janúar sl. kemur fram að Skógræktin leggi fram án endurgjalds alls fjóra rúmmetra af flettu efni úr furu, ösp, greni og lerki í tilraunavinnslu með þurrkun og límingu. Gerðar verða límtrésprufur úr öllum fjórum viðartegundunum en Límtré Vírnet sér um að þurrka efnið og líma í fyrirfram uppgjafnar stærðareiningar. Einnig

verður styrkur efnisins prófaður og sér Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að túlka niðurstöður mælinganna. Niðurstöður eiga að liggja fyrir um miðbik þessa árs.

Trausti Jóhannsson, skógarvörður á Suðurlandi, segir að strax í næstu viku verði farið að safna efni til þessarar tilraunavinnslu.



Við Sunnulækjarskóla á Selfossi er laus staða forfallakennara

Um er að ræða 50% - 100% stöðu forfallakennara til að sinna tilfallandi forföllum.

Í skólanum eru um 720 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: www.sunnulaekjarskoli.is.

Umsóknarfrestur er til 10. febrúar 2019.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólustjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðrhólum 1, 800 Selfoss.

Íþróttir og iðjubjálfun í leikskólanum Krakkaborg

Dagleg hreyfing er nauðsynleg fyrir eðlilegan vöxt og þroska barna sem og andlega vellíðan. Hreyfing ýtir m.a. undir sköpunarkraft, framkallar gleði og vellíðan, styrkir sjálfsmyndina og eflir hreyfiþroska. Í aðalnámsskrá fyrir leikskóla segir: „Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.“

Í leikskólanum Krakkaborg í Flóahreppi búum við svo vel að hafa aðgang að vel útbúnum íþróttasal, krefjandi útsvæði og umhverfi sem gerir okkur

kleyft að hlúa sérstaklega vel að grófhreyfiþroska nemendahópsins. Lögð er rík áhersla á að allir nemendur leikskólans fái markvissa alhliða hreyfingu, hvort sem er í gegnum frjálsan leik, útiveru eða í skipulögðum íþróttatímum. Allir nemendur leikskólans fara í íþróttir a.m.k. einu sinni í viku í u.þ.b. klukkustund í senn. Íþróttastundirnar eru skipulagðar þannig að í upphafi setjumst við niður, klæðum okkur úr sokkum og peysum, förum yfir skipulag dagsins, fræðumst um líkamann, heilbrigði og heilsu og hitum okkur svo upp með ýmsum æfingum og leikjum. Í aðalþætti hreyfistundarinnar prófum við og kynnumst hinum ýmsu íþróttagreinum, förum í alls kyns leiki, gerum æfingar með hin ýmsu áhöld (baunapoka, sippubönd, húllahringi, bolta, sápuvíkur og fleira), förum í þrautabrautir sem reyna á jafnvægi, hugrekki, samhæfingu, styrk, þol, útsjónarsemi, rýmisgreind o.fl., gerum stöðvahringi, dönsum og

umfram allt höfum alveg rosalega skemmtilegt. Í lok tímans hjálpast allir að við að ganga frá. Við setjumst niður, spjöllum saman, slökum á og syngjum svo „Takk fyrir tímann“ lagið okkar áður en við klæðum okkur í og höldum til baka í leikskólan.

Viðfangsefni hvers íþróttatíma eru útfærð miðað við getu og þroska nemendanna. Iðjubjálfi stendur vörð um að allir fái að njóta sín á sínum forsendum og hverjum og einum nemanda er mætt þar sem hann er staddur. Reynt er að koma inn á sem flesta þroskaþætti með leikjum og æfingum en númer eitt tvö og þrjú er að öllum líði vel í íþróttatímanum, hafi gaman af og njóti þess að hreyfa sig. Jákvæð reynsla barna af hreyfingu eykur nefnilega líkurnar á því að þau temji sér heilbrigða lífshætti á fullorðinsárum sem fela í sér hreyfingu.

Haustið 2018 tók til starfa iðjubjálfi í leikskólanum Krakkaborg. Ekki hefur verið starfandi iðjubjálfi í leikskólanum áður og því er starfið í sífelldri þróun.

Iðjubjálfun tengist námsþáttum í Aðalnámsskrá leikskóla á ýmsa vegu, m.a. er tenging við þá þætti sem hér eru nefndir.

Læsi

Í iðjubjálfun fá nemendur ýmis tækifæri til að læra að efla læsi sitt, sama hvers kyns læsi er um að ræða. Á elstu deild er lögð áhersla á málnotkun og merkingu orða, hljóðkerfisvitund, ritun, lestur, samskiptaform og virka þátttöku, ýmist með beinni kennslu, leikjum, spilum,



verkefnum og samskiptum við kennara og aðra nemendur. Hjá yngri nemendum er áherslan svipuð en minna er um beina kennslu og meira um kennslu í gegnum leik, hlutverkaleiki, verkefni, spil og margt fleira. Á yngstu deild er aðaláherslan lögð á samskiptaform og virka þátttöku í gegnum leik.

Lýðræði og mannréttindi / Jafnrétti

Í iðjubjálfun er áhugi nemenda notaður til að velja viðfangsefni hverju sinni og styrkleikar hvers og eins nýttir til að vinna með veikleika þeirra. Nemendur fá einnig tækifæri til að þjálfa sig í að taka sameiginlegar ákvarðanir um mál sem varða þau, t.d. um hvaða leik eigi að fara í í lok íþróttatímans, hvaða dans skuli dansa í danstímanum, hvort þjálfunin þann daginn skuli fara fram innan- eða utanhúss o.s.frv. Þau læra einnig að hver og einn hefur rétt á að taka þátt á sínum eigin forsendum og þó svo að einhver þurfi aðlaganir á

umhverfi eða verkefnum er það ekki síður mikilvæg þátttaka.

Heilbrigði og velferð

Í salartíma hjá iðjubjálfa fá nemendur markvisst hreyfiuppeldi þar sem unnið er að því að efla hreyfiþroska nemenda í gegnum leik og þjálfun. Einnig er unnið markvisst að því að efla trú þeirra á eigin getu, færni þeirra í samskiptum sem og einbeitingu og úthald. Í hverjum tíma er einnig fræðsla um líkamann, mikilvægi hreyfingar og hollrar næringar.

Sköpun

Í iðjubjálfun er ýtt undir sköpunargleði nemandanna með ýmsum hætti. Þar má m.a. nefna leiki og dans í íþróttasalnum, leik með leir og perlor í þjálfunarstundum, ritunarverkefni í skólahóp, þjálfun í beitingu skera í hópþjálfunarstundum og svona mætti lengi telja.

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar



NÝ ÞJÓNUSTA Á SELFOSSI

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon

Al-Anon fundir á Þriðjudögum
kl. 20:30, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.

Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands

Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

FUNDIR

Vöflukaffi

Tólfta vöflukaffi vetrar
verður haldið
næsta föstu-
dag 1. feb. að
Eyravegi 15 á
2. hæð milli kl.
16 og 18. Gestur okkar verður
Sigurður Böðvarsson,
sérfræðingur í krabbameinslækningum. Með tilkomu hans hefur þjónusta á krabbameinsdeild HSU eflst til muna. Hann mun segja okkur frá starfsemi sem þar fer fram og svara spurningum. Allir velkomnir.



ÞJÓNUSTA



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

BÍLAR



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJUR

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, barnastarf og kaffiveitingar. English translation available. Þriðjudaga kl. 19:30 unglingasamkoma. Bænastundir kl. 18 alla virka daga.

Árbæjarkirkja

Guðsþjónusta sd. 3. febrúar kl. 11.00 og súpa eftir athöfn.

Marteinstungukirkja

Guðsþjónusta sd. 3. febrúar kl. 14.00 og kaffi eftir athöfn.

Skarðskirkja

Guðsþjónusta sd. 3. febrúar kl. 16.00 og kaffi eftir athöfn.

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 3. febrúar kl. 11:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir, Kirkjukórinn syngur, organisti Ester Ólafsdóttir. Sunnudagaskóli á sama tími umsjón Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir ásamt leiðtogum. Súpa og brauð á eftir gegn vægu gjaldi.

Hraungerðiskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 3. febrúar kl. 13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir, organisti Ingi Heiðmar Jónsson. Kirkjukórinn syngur.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag 3. febrúar kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur annast prestsþjónustuna.

Stóruborgarkirkja, Grímsnesi
Bæna- og kyrrðarstund sunnudag 3. febrúar kl. 17.00. Óvenjuleg stund við kertaljós eingöngu. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, leiðir stundina.

Aðventistar

Laugardaginn 2. febrúar 2019 í safnaðarheimili aðventista á Eyravegi 67. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12.

HESTAR

Pláss óskast

Eitt pláss óskast fyrir 11 vetra hryssu frá 1. febrúar. Má gjarnan vera í nýlegu hesthúsi. Uppl. í síma 845 2024.

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku



FLÓAHREPPUR

Flóaskóli auglýsir lausar stöður kennara og matreiðslumanns/matráðs

Flóaskóli er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í 10-15 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru rúmlega 100 nemendur í 1.-10. bekk.

Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám og teymiskennslu. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi sínu.

Vegna forfalla leitum við að kennara til afleysinga út þetta skólaár.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Uppeldismenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf grunnskólakennara.
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi á þróunarstarfi.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar er æskileg.

Einnig er laus til umsóknar staða matreiðslumanns/matráðs.

Matreiðslumaður hefur yfirumsjón með mótuneyti fyrir nemendur og starfsmenn skólans, sér um matseld (heitan mat) og skipuleggur matseðla allt að mánuð fram í tímann, annast innkaup á matvörum, áhöldum og tækjum og hefur umsjón með þrifum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Matreiðslumenntun
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði.
- Hæfni í samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771 8342.

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2019. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið gunnlaug@floaskoli.is.

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Góð mæting á fyrsta keppniskvöldið

Góð mæting var á fyrsta keppniskvöld Suðurlandsdeildarinnar í hestaíþróttum sem haldið var á Helli um síðustu helgi. Miklu munar um varmadælurnar frá Verklögnum sem nú kynda upp höllina og anddyrið. Suðurlandsdeildin er nú að hefja sitt þriðja tímabil. Sérstaða deildarinnar er sú að atvinnumenn og áhugamenn keppa saman og mynda lið. Ellöfu lið keppa í ár, 66 knapar, en 44 keppa á hverju kvöldi.

Hulda Gústafsdóttir á Sesari frá Lönguskák stóðu uppi sem sigurvegarar í flokki atvinnumanna en hún keppir fyrir lið Heimahaga. Svenja Kohl og Polka frá Tvennu stóðu uppi sem sigurvegarar í flokki áhugamanna en hún keppir fyrir lið Austuráss/Sólvangs.

Eftir kvöldið í kvöld er staðan í liðakeppninni sú að lið Krappa leiðir. Ljóst er að deildin í ár verður virkilega jöfn og spennandi!

Liðakeppni:

- 1. Krappi 61 stig. 2. Fet/Kvistir 58 stig. 3. Equisana 55 stig. 4. Hemla/Hrímnir/Strandahöfuð 53,5 stig. 5. Heimahagi 46 stig. 6. Húsasmiðjan 45,5 stig. 7. Ásmúli 42,5 stig. 8. Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún 38,5 stig. 9. Toltrider 38,5 stig. 10. Vöðlar/Snilldarverk 36,5 stig. 11. Austurá/Sólvangur 31 stig.



Hulda Gústafsdóttir og Sesar frá Lönguskák. Hulda keppir fyrir lið Heimahaga.

Úrslit áhugamanna:

- 1. Svenja Kohl/Polka frá Tvennu 6,67 stig. 2.-3. Vilborg Smáradóttir/Grunnur frá Hólavatni 6,40 stig. 2.-3. Katrín Sigurðardóttir/Ólína frá Skeiðvöllum 6,40 stig. 4. Þorvarður Friðbjörnsson/Forni frá Fornusöndum 6,23 stig. 5. Vera Evi Schneiderchen/Vakning frá Feti 6,00 stig. 6. Stine Randers Præstholm/Garún frá Þjóðólfsdaga 5,93 stig. 7. Aasa Elisabeth Emelie Ljungberg/Tign frá Vöðlum 5,83 stig.

Úrslit atvinnumanna:

- 1. Hulda Gústafsdóttir/Sesar

- frá Lönguskák 7,30 stig. 2. Ásmundur Ernir Snorrason/Dökkvi frá Strandarhöfði 7,13 stig. 3. Brynja Ambler Gísladóttir/Goði frá Ketilsstöðum 6,97 stig. 4.-6. Stella Sólveig Pálmarsdóttir/Pétur Gautur frá Strandarhöfði 6,87 stig. 4.-6. Kristín Lárusdóttir/Aðgát frá Víðivöllum fremri 6,87 stig. 4.-6. Helga Una Björnsdóttir/Hálfmáni frá Steinsholti 6,87 stig. 7. Lea Schell/Eldey frá Þjórsárbakka 6,53 stig.

Næsta keppni verður þriðjudaginn 5. febrúar þar sem keppt verður í fimmgangi.

Glæsilegur árangur Umf. Kötlu á MÍ 15–22 ára

Ungmennafélagið Katla í Mýrdalshreppi átti fimm keppendur á Meistaramóti Íslands 15–22 ára en mótið fór fram helgina 26.–27. janúar sl. Árangurinn var mjög góður og unnu keppendur til þrenna silfurverðlauna og þrenna bronsverðlauna.



Silfurverðlaun:

Þrístökk stúlkna 16–17 ára: Kristín Ólafsdóttir, stökk 9,84 m.

Þrístökk pilta 20–22 ára: Ástþór Jón Tryggvason, stökk 11,49 m.

1500 m hlaup stúlkna 16–17 ára: Birna Sólveig Kristófersdóttir, hljóp á 6:43,04 mín.

Bronsverðlaun:

Þrístökk stúlkna 16–17 ára: Birna Sólveig Kristófersdóttir, stökk 9,68 m.

800 m hlaup stúlkna 16–17 ára: Sigríður Ingibjörg Einarsdóttir, hljóp á 3:00,52 mín.

400 m hlaup stúlkna 16–17 ára: Birna Sólveig Kristófersdóttir, hljóp á 73,22 sek.

Í stigakeppninni stóð Umf. Katla sig síðan einstaklega vel. Á mótinu kepptu 18 lið

og Umf. Katla varð í 8. sæti í heildarstigakeppninni með 48 stig. Markverður árangur náðist síðan í 16–17 ára flokki stúlkna, en þar hafnaði Umf. Katla í 2. sæti, 11 stigum á eftir liði HSK/Selfoss, eftir harða baráttu, og á undan liðum eins og ÍR, Breiðabliki, FH, o.fl.

Ungmennafélagið Katla kemur úr Mýrdalshreppi, sveitarfélagi með um 700 íbúa. Félagið getur verið stolt af þessum góða árangri og þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað innan ungmenntafélagsins undanfarni ár og litið björtum augum á framtíðina. Nánari úrslit má sjá á thor.fri.is.

Félagsheimilið Árnes!

Í Félagsheimilinu Árnesi er glæsileg aðstaða fyrir ættarmótið, afmælið eða aðra viðburði.

Félagsheimilið í Árnesi hentar sérlega vel fyrir allskyns veislur og viðburði. Það er staðsett í fallegu umhverfi í um 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Húsið rúmar með góðu móti 360 manns í þremur söllum sem hægt er að aðskilja. Öflugt hljóðkerfi og skjávarpar eru í húsinu. Glæsilegt veislueldhús er til staðar með góðum útbúnaði og stórt leiksvið sem gefur mikla möguleika. Sólballur og góður garður framan við húsið.

Fallegt fjölskyldutjaldsvæði með rafmagni er handan við húshornið ásamt sundlaug og heitum potti. Góð aðstaða er fyrir útiþróttir og leiktæki fyrir börn.

Verslun á svæðinu. Stutt í fallegar náttúruperlur s.s. Þjórsárdal.

Hafðu samband

Nánari upplýsingar gefa Kristjana í síma 486 6100 netfang kidda@skeidgnup.is og Ari í síma 893 4426 netfang ari@skeidgnup.is.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur





Gangasöngur í Grunn-skólanum í Hveragerði

Þorinn er genginn í garð. Samkvæmt *Sögu daganna* eftir Árna Björnsson þá er þorinn oft persónugerður í sögum frá miðöldum og birtist þá ýmist sem harður og grimmur eða umhyggjusamur tilsjónarmaður bænda sem vill hafa gætur á heijaförða þeirra. Betra hefur þótt að taka vel á móti þorra og veita honum vel í mat og drykk, jafnvel skemmta með sögum, söng og tafla. Þorranum lýkur á þorrapræl sem er

laugardagurinn fyrir konudag og tekur þá góa við.

Máltækið að þreyja þorran - og góuna, sem merkir að þola tímabundna erfiðleika, tengist einmitt því að lifa af þessa vetrarmánuði en er einmánuður tók við af góu var stutt í sumarmánuðina.

Í dag var einmitt gangasöngur í skólanum í tilefni bóndadags og byrjun þorra. Þar var m.a. sungið *Nú er frost á Fróni* sem lýsir einmitt vel því sem fólk mátti þola á þorranum hér áður fyrr.

Fjölbreytt verkefni í húsasmíði í Fjölbrautaskóla Suðurlands



Nemendur í húsasmíði að vinna með plötusög og borðfræsara.

Nemendur á húsasmíðabraut FSu vinna margskonar og fjölbreytt verkefni. Markmið áfanga á trésmíðabraut er m.a. að kenna nemendum grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og rafmagnsverkfæra. Nemendur smíða meðal annars bókastoð, búkka og tröppur í

einum af áföngum brautarinnar. Á meðfylgjandi mynd má sjá nemendur vinna við plötusög og borðfræsara til þess að búa til tvo búkka sem hægt er að brjóta saman og hengja upp á vegg þegar ekki er verið að nota þá. Kennarar áfangans eru Lárus Gestsson og Óskar G. Jónsson.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
s. 482 1944
dfs@dfs.is

SPEKT
Bókhaldsþjónusta
Skattaráðgjöf

Reykjavík / Þorlákshöfn
Sími 587 7600 / 860 9900
spekt@spekt.is



HREINGERNINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Jiibbii
Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Raf- og Kæli-þjónustan ehf.
Sími 660 2970
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaþiðgerðir • Almennar raflagnir


GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

veislur & veitingar
opið alla daga
rauða húsið
restaurant
Eyrarbakka
raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Josera.
super premium
gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is
Ópið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is



Fjármálastjórn, áætlanagerð og bókhald

Við veitum alhliða þjónustu og ráðgjöf við fjármálastjórn, áætlanagerð og bókhald. Mikil reynsla. Hafið endilega samband við okkur um frekari upplýsingar.

Hagbók ehf.

Eyravegi 37, 800 Selfoss

Símar: 480 3340 / 822 5020 / 899 9413
arnar@hagbok.is / hagbok@hagbok.is



Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 1. mars

Þetta er helgarnámskeið. Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594 eða í netfangið thrainn@okuskoli.is

Ökuskóli Suðurlands - Eyravegi 55, Selfossi - www.okuskoli.is